# Bréfabók borgarstjóra. 3. sept. - 15. júní. 1909-1910

## Aðfnr. 230, 5. hluti

Bréf 20. febr. 1910 – 19. apríl 1910


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. febr. 1910

558

Jeg og bæjarfulltrúi Jón Jensson, sem af bæjarstjórninni er skipaður eptirlitsmaður með hlutafjelaginu "Málmur" óskum að hafa samtalsfund við stjórn fjelagsins hið fyrsta. Jeg bið yður því, herra kaupmaður, sem formann nefnds fjelags að kalla stjórn fjelagsins ásamt okkur á fund hið fyrsta, og ef yður er það ekki á móti má fundinn halda á skrifstofu minni á morgun þriðjudaginn 21. þ.m. kl. 5.e.h., og munum þá jeg og eptirlitsmaður bæjarstjórnarinnar vera til staðar hjer. Jeg bið yður að láta mig vita hvort stjórn fjelagsins vill halda fundinn hjer á skrifstofu minni á nefndum tíma.-

Til formanns hlutafjelagsins "Málmur",
herra kaupmanns Sturlu Jónssonar, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. febr. 1910

559 ~~560~~

Hjer með tilkynnist byggingarstjórn gasstöðvarinnar að gasnefndin hefur á fundi 19.þ.m. ákveðið að þessir 4 járnsmiðir fái að læra að leggja gasæðar í hús,til þess siðar að fá löggildingu sem innlagningarmenn :

Gísli Finnsson , Norðurstíg 5,

Helgi Magnússon ,Bankastræti 6,

Kristján Kristjánsson , Lindargöt 28,

Þorkell Þ.Clemenz ,Lindargötu 1.

Hef jeg vísað þessum mönnum til byggingarstjórnarinnar til þess að fá allar nauðsynlegar upplýsingar og þá fræðslu, er með þarf,og vænti jeg að það verði í tje látið,eins og líka byggingarstjórnin verður á sínum tíma að gefa vottorð um að þeir hafi lært til fullnustu að leggja æðarnar í húsin svo að óhætt sje að veita þeim löggildingu.-

Til Byggingarstjórnar gasstöðvarinnar.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

610

560

Borgarstjóri Reykjavíkur 20. febr. 1910

Gasnefnd bæjarstjórnarinnar hefur samkvæmt umsókn yðar, herra járnsmiður ákveðið að þjer getið fengið að læra innlagningu gæsæða í hús, í þeirri veru, að þjer síðar fáið löggildingu sem innlagningarmaður. Ber yður í því efni að snúa yður til byggingarstjórnar gasstöðvarinnar, er lætur yður í tje allar upplýsingar hjer að lútandi og lætur yður í tje þá fræðslu hjer að lútandi, sem þjer kunnið að þurfa, og gefur á sínum tíma vottorð um, að þjer hafið lært það er með þarf til þess að geta fengið löggildinguna.-

Þetta tilkynnist yður hjer.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2. febr. 1910.

561

559

Það hefur af vangá gleymzt að svara brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 29. sept. f.á., en með brjefi þessu senduð bjer mjer til umsagnar brjef hreppsnefndarinnar i Selvogshreppi dags. 12. s.m., en i þvi brjefi neitar hreppsnefndin að endurgjalda fátækrasjóði Reykjavikur 182 kr., er fátækrasjóðurinn hafði greitt geðveikrahælinu á Kleppi fyrir veru þurfalings Selvogshrepps, Mariu Bjarnadóttur, þar fyrir árið frá 8. okt. 1908 til jafnlengðar 1909, og var upphæð sú, er fátækrasjóðurinn hafði greitt fyrir þurfaling þennan 182 kr. 50 a. Um þessa neitun hreppsnefndarinnar leyfi jeg mjer að láta uppi eptirfylgjandi umsögn :

Maria Bjarnadóttir sú, er hjer um ræðir og er viðurkennd að vera sveitlæg i Selvogshreppi varð brjáluð hjer i bænum haustið 1908. Ef hún hefði verið flutt þá þegar á sveit sina, eins og fátækranefndin hafði heimild til, mundi það hafa kostað Selvogshrepp mikla upphæð, miklu meira en með þvi að koma henni að Kleppi. Var hún þessvegna flutt á geðveikrahælið af þvi að með þvi var bezt gætt hags framfærslusveitarinnar og þá um leið sjálfsagt mannúðarinnar vegna að gjöra svo. Þar sem Maria var brjáluð varð æfiferilskýrsla hennar ekki tekin af henni sjálfri, og mun það hafa verið hugsun þáverandi formanns fátækranefndarinnar að biða með það, þar til sæist hvort henni ekki batnaði svo, að hún sjálf gæti gefið hana. En sú varð ekki raunin á. Meðlags að Kleppi með Mariu var ekki krafizt fyr en i maimánuði og var það útborgað 17. mai hjer fyrir hið liðna misseri og svo fyrirfram fyrir næsta misseri, eins og ákveðið er i reglugjörð geðveikrahælisins. Þega kom til útborgunarinnar var leitað upplýsinga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um framfærslusveit Maríu og skýrsla um æfiferil hennar mun hafa verið tekin í júnímánuði og var yður send með brjefi mínu dags. 30. júní f.á. Jeg bendi sjerstaklega á það, að upphæð sú, sem hjer er krafizt endurgjalds á var að nær því helmingi gjald fyrir tímann eptir að æfiferilskýrslan var tekin, og hvað þann hluta upphæðarinnar snertir getur þó undir engum kringumstæðum verið að tala um, að krafa hafi komið of seint fram, eða að æfiferilskýrslan hafi verið of seint tekin. Og hvað fyrri hluta ársmeðlagsins snertir þá verð jeg líka að álita, að mótmæli hreppsnefndarinnar gegn því að greiða þann hlutann hafi ekki við rök að styðjast, þar sem

hjer voru þær sjerstöku ástæður fyrir hendi, að þurfalingurinn var svo veikur, að hann ekki sjálfur gat gefið skýrsluna. Og engan skaða gjörði það framfærslusveitinni, að skýrslan kom svo seint fram, því sjálfsagt var að ráðstafa þurfalingnum á geðveikrahælið, sjálfsagt vegna sjúklingsins sjálfs og ódýrast fyrir hreppsnefnd framfærslusveitarinnar. Fátækranefnd Reykjavíkur gat því ekki ráðstafað þurfalingnum haganlegar fyrir framfærslusveitina en gjört var, og því vekur það nokkra undrun mína, að hreppsnefndin skuli mótmæla að endurgjalda styrkinn.

Hitt legg jeg undir úrskurð yðar, herra sýslumaður, hvort hreppsnefndin skuli endurgreiða allan sjúkrakostnaðinn eða að eins 2/3 hluta hans, þar til tilkynning var gefin. Mjer virðist fátækrasjóður Reykjavíkur undir engum kringumstæðum vera skyldur til að greiða meira en 1/3 hluta af fyrstu 100 krónunum. Eptir að sú upphæð er greidd hafði hún rjett til að láta flytja sjúklinginn þurfamannaflutningi.-

Þá finnur hreppsnefndin í brjefi sínu að því, að skýrslan um æfiferilinn sje ekki í löglegu formi, þar sem hún sje tekin af lögregluþjóninum án vitundarvotta. Bæjarfógetinn hefur skipað að gjöra þetta þannig og verður hann að svara til þess, enda mun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnarráðið sem æðsta úrskurðarvald í fátækramálum hafa álitið og álita slíka skýrslu fullgilda.-

Loks skal jeg geta þess, að eptir að viðurkenning hreppsnefndar Selvogshrepps fyrir sveitfesti Maríu var hingað komin, tilkynnti jeg lækninum á geðveikrahælinu það og þar með, að fátækrasjóður Reykjavíkur að sjálfsögðu ekki lengur ábyrgðist greiðslu á verukostnaði Maríu, og vil jeg jafnframt aðvara yður um, að læknirinn hefur nýlega skýrt mjer munnlega frá því, að hann aptur og aptur hafi krafið hreppsnefnd Selvogshrepps um meðlög þau, er áfallið hafa eptir 8. okt. 1909, en árangurslaust og ætlar hann því að láta flytja Maríu til sveitar sinnar, ef greiðsla ekki kemur. En þetta er að sjálfsögðu Reykjavíkurbæ óviðkomandi.-

Brjef hreppsnefndar Selvogshrepps 12. ágúst og 17. sept. sendast hjer með og óskast endursend með heiðruðu svari yðar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. febr. 1910

562

Stúlkan Þjóðbjörg Benjaminsdóttir, sem dvelur hjer í bænum hefur krafizt aðstoðar fátækranefndarinnar hjer til þess að fá innheimt hjá Ølveshreppi meðlag, er þurfamanni þess hrepps Guðjóni Magnússyni frá Þurá bar að greiða 1. nóv. f.á. samkvæmt úrskurði sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 5. ágúst f.á., að upphæð 50 kr., með Konráði óskilgetnum syni Þjóðbjargar og Guðjóns. Jeg sendi yður því, herra sýslumaður, hjer með nefndan úrskurð og bið yður að innheimta fúlguna hjá Ølveshreppi, og óskast úrskurðurinn endursendur ásamt henni.-

Þess skal getið, að Guðjón Magnússon er sem stendur í Hafnarfirði og þar undir ákæru af hálfu hins opinbera og var því úrskurðurinn fyrst sendur þangað í þeirri von, að takast mætti að ná fúlgunni með lögtaki, en hann reyndist að vera öreigi og varð því tilraunin árangurslaus.-

Til sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. febr. 1910

563

Fátækranefndin hjer varð i desembermánuði að taka ábyrgð á legukostnaði unglingstúlkunnar Mariu Kristinar Guðmundsdóttur, sem er 15 ára gömul og hefur nú nefndin orðið að greiða legu- og lækniskostnaðinn með kr. 98,25, eins og meðfylgjandi reikningur sýnir. Kristin þessi er dóttir Guðmundar Magnússonar Lindargötu 5, þess er fjekk sveitarstyrk i fyrra vetur og var þá viðurkenndur að vera sveitlægur i Grindavikurhreppi, en endurborgaði hinn veitta styrk sjálfur. Jeg sendi yður nú herra sýslumaður reikninginn yfir legukostnaðinn, sem fátækranefndin hefur orðið að borga og bið yður að innheimta 2/3 hluta hans hjá Grindavikurhreppi.-

Æfiferilskýrsla Guðmundar sendist hjer með.-

Til Sýslumannsins i Gullbringu- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur 564

23. febr. 1910.

Fátækranefndin hefur orðið að greiða legu- og lækninga-
kostnað Mariu Kristinar dóttur sinnar á frakkneska spitalanum með kr.
98,25,og er því hjer með skorað á yður að endurgjalda fá-
tækrasjóðnum upphæð þessa hið allra fyrsta.-

Herra húsmaður Guðmundur Magnússón , Lindargötu 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. febr. 1910.

565

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 30 - þrjátíu krónur - sem er endurgjald frá Jóni Einarssyni á Þróðarstöðum á meðlagi því, er þ. 12. jan. þ. á. var útborgað úr fátækrasjóði Reykjavíkur.

Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. febr. 1910

566

Með skírskotun til brjefs yðar dags. 12. f. m., leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að Jón Einarsson á Fróðastöðum, hefur borgað barnsmeðlag það, er ræðir um í nefndu brjefi yðar, með barni hans og Steinunnar Guðmundsdóttur. Meðlagsúrskurður sá, er fylgdi nefndu brjefi yðar, óskast endursendur við fyrsta hentugt tækifæri.

Til
Sýslum. í Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. febr. 1910.-

567

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, að jeg hefi í dag leigt Jóni Hannessyni í Austurkoti svonefndan Móabæjarkálgarð í Kaplaskjóli fyrir yfirstandandi ár fyrir 8 króna leigu, er greiðist fyrir lok ágústmánaðar.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. febr. 1910

567

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 28.f.m. sendi jeg yður,herra sýslumaður, hjer með reikning yfir legukostnað stúlkunnar Lisbetar Sigurðar frá Ánanaustum á Landakostspitala,að upphæð 27 kr.,er fátækrasjóðurinn hjer hefur orðið að leggja út,og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta upphæðarinnar eða 18 kr. hjá framfærsluhreppi Lisbetar, Gaulverjabæjarhreppi.-

Til Sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. febr. 1910

568

Samkvæmt símtali við yður, herra sýslumaður, tók fátækranefndin hjer að sjer ábyrgð á legukostnaði Guðrúnar Gísladóttur á St. Jósefs Hospitali gegn fullu endurgjaldi af fátækrasjóði Hafnarfjarðar. Samkvæmt þessari ábyrgð hefur fátækrasjóðurinn hjer orðið að greiða legukostnaðinn með kr. 31,50, eins og meðfylgjandi reikningur sýnir, og er hjer með krafizt endurgjalds á upphæð þessari að fullu.-

Guðrún þessi dó í gær á sjúkrahúsinu, og vildi jeg helzt að fátækranefndin í Hafnarfirði ljet sjálf annast útförina, en óski hún að fátækranefndin hjer gjöri það og leggi út kostnaðinn óska jeg mjer gjört að vart um það.-

Til Sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24.febr.1910

569

i Ølfushreppi
Pálmar nokkur Ásgrímsson sveitlægur, sem hjer var staddur á leið i skiprúm, hefur orðið mjög hastalega og hættulega veikur og varð því samkvæmt beinni skipun læknis, að leggja hann á sjúkrahús, en sjúkrahúsvist gat hann því að eins fengið, að fátækranefndin gengi iábyrgð fyrir legukostnaðinum. Sú ábyrgð var því tekin til bráðabyrgða. Jeg sendi því æfiferilsskýrslu manns þessa, er sýnir, að Pálmar er sveitlægur i Ølfushreppi, og bið jeg yður, herra sýslumaður,, að útvega viðurkenningu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfestinni og þá jafnframt ábyrgðarskirteini frá hreppnum fyrir legukostnaðinum, svo að Reykjavikurbær geti gengið út úr ábyrgðinni.

Það skal tekið fram. að Pálmar þessi var á ferð þegar hann veiktist. lit jeg svo á, að Reykjavik geti ekki skoðast sem dvalarsveit hans, og verður því framfærsluhreppurinn krafinn um endurgjald á öllum legukostnaðinum, ef til þess kemur, að Reykjavikurbær þarf að leggja hann út.

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur



Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24,febr,'10

570

Í framhaldi af brjefi minu dags.8.f.m.,sendi jeg yður, herra sýslumaður,hjer með reikning yfir legukostnað konunnar Steinunnar Þorkelsdóttur á sjúkrahúsi frá 1-20.f.m. að upphæð 19 kr. Steinunn þessi,er kona Ásmundar Björnssonar,sem er sveitlægur i Reyðarfjarðarhreppi,og bið jeg yður að innheimta hjá þeim herppi 2/3 hluta þessarar upphæðar ásamt þeim 2/3 hlutum að þeim 14 kr., er brjef mitt 8.f.m. ræðir um

Steinunn Þorkelsdóttir,er nú á geðveikrahælinu á Kleppi, og verður framfærslusveitin tafarlaust að ráðstafa henni eða senda lækninum þar ábyrgð fyrir greiðslu legukostnaðarins,að öðrum kosti verður hún flutt þurfamannaflutningi á sveit sina.-

Til

sýslumannsins i Suður-Múlasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24.febr.1910



571

Samkvæmt ábyrgð þeirri, er fátækranefndin hjer varð að taka á legukostnaði Kristinar Grimsdóttur þeirrar er ræðir um i brjefi minu til yðar, herra sýslumaður, dags, 10.des.f.á., hef jeg orðið að greiða legukostnað þennan til 21.þ.m., 36 kr.+31 kr. samtals 67 krónur. Reikningar þessir sendast hjer með og eruð þjer beðinn um, að innheimta 2/3 hluta upphæðarinnar hjá framfærslusveit Kristinar, sem væntanlega er Andakilskreppur, sbr, brjef mitt 10.des. f.á.-

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24.febr.1910 872

Jón nokkur Jónsson, sem býr í bæ við Laugaveg, er Sund nefnist, hefur orðið styrksþurfi í vetur og þegið allmikið. Hann mun hafa verið hjer búsettur meira en 10 ár, og var því af sumum álitinn sveitlægur hjer. Nú er mjer skýrt frá því, að hann muni annaðhvort öll þau ár, sem hann hefur dvalið hjer eða nokkur þeirra þegið sveitarstyrk af fæðingarhreppi sínum, er mun vera Eyjafjalahreppur, þannig að eitthvað af börnum hans sje þar alið upp á sveit. En á fæðingarhrepp sinn á hann að hafa verið fluttur fyrir mörgum árum frá Eyrarbakka. Jeg bið yður nú herra bæjarfógeti, að taka við fyrsta tækifæri fyrir lögreglurjetti æfiferilskýrslu þurfamanns þess og óskast það sjerstaklega rannsakað hvar fæðingarhreppur hans sje, hvenær hann hafi verið fluttur á hann frá Eyrarbakka og hvort fæðingarhreppurinn hefur alið upp börn hans þar eystra og goldið meðlag með þeim þau árin, sem Jón hefur dvalið hjer í Reykjavík. Jeg bið mjer svo sent eptirrit af prófunum við fyrstu þóknanlegu hentugleika yðar.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. febr. 1910

573

Eins og umtalað var á síðasta fundi brunamálanefndarinnar eruð þjer, herra kaupmaður, fyrst um sinn skipaður slökkviliðsstjóri bæjarins frá 1. næsta mánaðar að telja í stað Kristjáns kaupmanns Þorgrímssonar, er sagt hefur þeim starfa af sjer frá þeim degi. Þetta hef jeg nú samstundis tilkynnt bæjargjaldkeranum og lagt fyrir hann að greiða yður úr bæjarsjóði laun slökkvistjórans, sem eru 50 kr. á mánuði hverjum, er greiðast fyrirfram fyrir mánuð hvern.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra kaupmaður Guðmundur Ólsen, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
25. febr. 1910

574

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að slökkviliðsstjórinn, Kristján kaupmaður Þorgrímsson, hefur sagt þeim starfa af sjer frá 1. næsta mánaðar, en í hans stað kemur fyrst um sinn Guðmundur kaupmaður Ólsen, og ber yður því að borga honum út slökkvistjóralaunin frá 1. næsta mánaðar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

25. febr. 1910

575

Hjer með tilkynnist yður, herra trjesmiður, að brunamálanefndin hefur upp á væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar skipað yður sem varaslökkviliðsstjóra bæjarins frá 1. næsta mánaðar, en frá þeim degi er Guðmundur kaupmaður Ólsen skipaður slökkviliðsstjóri fyrst um sinn.-

Herra trjesmiður Pjetur Ingimundarson, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. febr. 1910

576

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, sem slökkviliðsstjóra frá 1. næsta mánaðar, að Pjetur Ingimundarson snikkari Laufásveg 16 hefur verið skipaður fyrst um sinn sem varaslökkviliðsstjóri frá 1. næsta mánaðar.-

Þá hefur brunamálanefndin ákveðið að fela þessum mönnum eptirlit með brunahönunum :Gísla Finnssyni i Vesturbænum, Bjarnhjeðni Jónssyni i Miðbænum, Helga Magnússyni i Þingholtunum og Kristjáni Kristjánssyni i Skuggahverfinu. Verða þessir menn allir að fá lykla að brunahönunum og pumpur til að pumpa vatn úr þeim i hvert sinn, sem þeir eru notaðir, og verður leitað samþykkis bæjarstjórnarinnar til þess á næsta fundi, eins og líka er ætlast til þess að þeir fái endurgjald fyrir starf sitt eptir því sem um semur eða seinna verður ákveðið.-

Ennfremur hefur brunamálanefndin ákveðið að skipa þessa menn sem brunakallara : Fyrir Vesturbæinn Bjarna Pjetursson blikksmið á Vesturgötu og Árna Árnason i Hansbæ, Fyrir Miðbæinn Eirik Bjarnason járnsmið i Vonarstræti, i Þingholtunum Magnús Guðmundsson Bergstöðum og i Skuggahverfinu Lúðvík Jakobsson Bókbindara..Ef ekki eru til nægilega margir brunalúðrar handa öllum þessum mönnum þarf að kaupa þá, er vantar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. febr. 1910.

577

Á siðasta brunamálanefndarfundi var ákveðið að útvega skyldi 10- 12 fasta menn, er æfðu sig á því að fara með brunaslöngurnar, sem keyptar hafa verið til brunahananna, til þess svo að stýra þeim, ef eldsvoða ber að höndum, og yrði þannig þessi flokkur fast brunalið bæjarins, er ætíð ætti að vera til taks ef bruna bæri að höndum, var það jafnframt ákveðið að mönnum þessum mætti greiða þóknun allt að 30 aurum um tímann, sem þeir eru að æfingum eða að starfi sínu.-

Jafnframt því að tilkynna þetta væntist þess, að þjer og varaslökkviliðsstjórinn gangist fyrir því að útvega menn til þessa og æfa þá eins og við þykir eiga til þess að fara með brunaslöngurnar og hin önnur slökkvitól, ef þeir yrðu settir yfir þau.-

Þegar þjer hafið útvegað þessa menn óska jeg að fá tilkynnt nöfn þeirra og bústaði.-

Herra kaupmaður Guðmundur Ólsen [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. jan. 1910



Eptir að hafa meðtekið viðurkenningu hreppsnefndarinnar i Vatnsleysustrandarhreppi i heiðruðu brjefi dags.15.f.m. fyrir því að stúlkan Guðrún Ágústa Jónsdóttir, sem nú dvelur hjer eigi framfærslusveit i Vatnsleysustrandarhreppi hef jeg afráðið að láta flytja hana nú þegar þurfamannaflutningi á sveit sina, þar sem undirhald hennar og tveggja barna hennar kostar óumflýjanlega meira, en það mun þurfa að kosta i framfærslusveitinni, enda er styrkur sá, er henni þegar hefur verið veittur orðinn meiri en 100 kr., og hún hefur skriflega beiðst þess að verða flutt á sveit sina. Jeg sendi hana því ásamt báðum börnum hennar til yðar, herra hreppstjóri, til þess að þjer komið henni og börnunum til hreppsnefndarinnar.-

Jeg get þess jafnframt, að það er ekki rjett sem stendur i brjefi hreppsnefndarinnar, að Guðrún Ágústa sje hjú Guðmundar Erlendssonar til næstu krossmessu. Hún er nú ekki að neinu leyti á hans vegum, enda situr hann i gæzluvarðhaldi, og fátækranefndin hjer varð að taka Guðrúnu sjálfa ásamt börnunum til framfærslu.-

Reikningur yfir sveitarstyrk þann, er Guðrúnu hefur verið veittur verður sendur innan skamms.-

Til hreppstjóra Vatnsleysustrandarhrepps.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
26. febr. 1910.

Af prófum þeim, er haldin voru út af bruna þeim er nýlega bar að höndum í Þingholtsstræti, sást það, að næturverðirnir höfðu ekki þá nótt haft á sjer lykla þá, er þeim höfðu verið fengnir í hendur að brunahönunum og slökkvitólahúsinu, og að næturvörður sá, er fór til þess að vekja slökkviliðsstjórann hafði ekki leyst það ólastanlega af hendi. Út af þessu fól brunamálanefndin mjer að fara þess á leit við yður, herra bæjarfógeti, að þjer vilduð brýna það fyrir lögreglubjónunum og næturvörðunum, að þeir gæti nákvæmlega að rækja skyldur þær, er á þeim hvíla ef bruna ber að höndum, og þá þess sjerstaklega, að þeir þegar í stað gjöri slökkviliðsstjóranum aðvart um brunann, og sjái um að lykill eða lyklar að brunahönunum komist sem fyrst á brunastaðinn, en öllum næturvörðunum hafa verið afhentir lyklar að brunahönunum, til þess að þeir bæru þá á sjer eða hefðu þá við hendina og sæu þannig um, að brunahanarnir væru opnaðir sem fyrst.

Ennfremur hefur brunamálanefndin á fundi 22. þ.m. falið herra kaupmanni Guðmundi Ólsen sem slökkviliðsstjóra frá 1. næsta mánaðar- en frá þeim degi hefur Kristján kaupmaður Þorgrímsson sagt slökkviliðsstjórastarfinu af sjer- að koma í sameiningu við yður nýju skipulagi á brunalögreglulið bæjarins, og leyfi jeg mjer að vænta, að þetta verði gjört.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. febr. 1910

580

Í desembermánuði siðastliðnum kom hingað maður að nafni Einar Fjeldsted Ásmundsson, að hann sagði sendur hingað heim á sveit sina af stjórn Canada og stóð hann hjer uppi fjelaus og alslaus að öllu leyti og auk þess skertur að heilsu. Fátækranefndin hjer varð að koma honum fyrir hjer þar til hann varð fluttur norður á sveit sina, Broddaneshrepp i Strandasýslu. Kostnaður sá, er fátækranefndin varð að leggja út nam alls kr. 96,40, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta 2/3 hluta upphæðar þeirrar hjá framfærsluhreppnum. Sundurliðiðaðir reikningar yfir kostnað þennan liggja hjá gjaldkera bæjarins og er ætlast til að þeir fylgi bæjarreikningnum, en ef þess verður óskað skulu þeir sendir yður eða hlutaðeigandi hreppsnefnd.-

Æfiferilskýrsla nefnds Einars Fjeldsted, er jeg ljet taka hjer fylgir hjer með.-

Til Sýslumannsins i Strandasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

28. febr. 1910

587

Enda þótt jeg ennþá ekki hafi meðtekið svar upp á brjef mín til yðar, herra sýslumaður, dags. 17. og 23. nóv. f.á. viðvíkjandi sveitfesti Sigbjörns Sigurðssonar, sendi jeg yður hjer með reikning yfir upphæð þá, sem fátækrasjóðurinn hefur orðið að leggja nefndum Sigbirni og fjölskyldu hans vegna veikinda hans. Er upphæðin þegar orðið 144 kr. og bið jeg yður að innehimta hið fyrsta 2/3 hluta af upphæð þeirri hjá framfærslusveitinni, Reyðarfjarðarhreppi og senda mjer.-

Til Sýslumannsins í Suður- Múlasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. febr. 1910

582

Fátækranefnd Kaupstaðarins hefur orðið að leggja út til St. Jósefs Hospitals í Landakoti legukostnað stúlkunnar Guðrúnar Árnadóttur frá Klafastöðum, 138 kr. fyrir ársfjórðunginn 1/10 – 31/12 '09. Jafnframt því að senda kvittun fyrir þessu er hjer með skorað á hreppsnefndina að endurgreiða kostnað þennan hið fyrsta.-

Þess er óskað að hreppsnefndin sjálf vilji taka að sjer ábyrgðina, svo að fátækrasjóðurinn hjer þurfi ekki að leggja út legukostnaðinn framvegis.-

Til hreppsnefndarinnar í Innra-Akraneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
28. febr. 1910

583

Guðmundur nokkur Jónasson Bergstaðastræti 37, sem er sveitlægur i Seyðisfjarðarkaupstað eða Seyðisfjarðarhreppi hefur orðið að fá styrk úr fátækrasjóði bæjarins að upphæð 20 kr. Jafnframt því að senda yður, herra bæjarfógeti, æfiferilskýrslu manns þessa og skýrslu um aðsjónargjörð þá, er fram fór hjá honum áður en styrkurinn var veittur, bið jeg yður að útvega og senda hingað viðurkenningu hlutaðeigandi sveitarstjórnar fyrir sveitfestinni og að innheimta hjá framfærslusveitinni 2/3 hluta hins veitta styrks.-

Til Bæjarfógetans á Seyðisfirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
28. febr. 1910

584

Stjórnarráðið vill fá skriflega yfirlýsingu yðar sjálfs, herra hjeraðslæknir um það, hvaða sjúkdómur gangi að stúlkunni Unu Ásu Arngrimsdóttur, hvort likur sjeu til að henni batni og hvort dvöl hennar á spitala sje nauðsynleg.-

Jeg bið yður því að gefa mjer yfirlýsingu um þetta hið fyrsta.-

Brjef stjórnarráðsins 10. og 23. þ.m. þessu viðvikjandi sendast hjer með og óskast endursend með svari yðar.-

Til hjeraðslæknisisns i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28 febr. 1910.

585

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur á síðasta fundi sínum ákveðið, að ábyrgjast húsaleigu fyrir Magnús Benediktsson, 7 kr. á mánuði, frá 1. marz til 14. maí.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjermeð, og mun húsaleigan verða greidd yður í lok hvers mánaðar gegn ávísun minni.

Herra
Guðni Þorkelsson, Klapparstíg 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 29. janúar þ. á. fór fram kosning á 5 bæjarfulltrúum í staðinn fyrir jafnmarga fulltrúa, er samkvæmt hlutkesti áttu að fara úr bæjarstjórninni. Með kæruskjali dags. 2. f.m. kærðu 12 kjósendur yfir því að kosningin hefði verið ólögmæt, og kröfðust þess, að bæjarstjórnin úrskurðaði hana ógilda. Kæran var tekin til meðferðar á fundi bæjarstjórnarinnar 17. f.m. og úrskurðað á þá leið, að kosningin hefði verið lögmæt og var hún því samþykkt. Þessum úrskurði hafa kærendurnir áfrýjað til stjórnarráðsins með brjefi dags. 28. f.m., og krafist þess, að hann verði felldur úr gildi, og kosningin ónýtt. Þetta brjef hefur stjórnarráðið sent bæjarstjórninni og kjörstjórninni til umsagnar og er því endanlegur úrskurður stjórnarráðsins um gildi kosningarinnar enn þá ekki kveðinn upp. –

Nú átti að halda reglulegan fund í bæjarstjórninni í gær og boðaði jeg á fundinn hina eldri bæjarfulltrúa, en ekki hina nýkjörnu, þar sem jeg leit svo á, að hinir eldri fulltrúar ættu sæti í bæjarstjórninni, þar til afgjört væri með úrskurði stjórnarráðsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að kosningin 29. jan. þ.á. skyldi álítast lögmæt. En er á fundinn kom hjeldu nokkrir bæjarfulltrúar því fram, að hina nýkjörnu fulltrúa hefði átt að boða á fundinn, en ekki hina eldri og var það samþykkt með 6 atkvæðum samhljóða að slíta fundinum og jafnframt óskað „að úrskurður stjórnarráðsins verði fenginn fyrir því, hvort hinir nýkjörnu bæjarfulltrúar eigi nú þegar sæti í bæjarstjórninni."

Samkvæmt þessari fundarályktun leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að stjórnarráðið úrskurði hvort hinir nýkjörnu bæjarfulltrúar eigi nú þegar að taka sæti í bæjarstjórninni þ.e. áður en stjórnarráðið hefur úrskurðað um lögmæti kosningarinnar.—

Til athugunar leyfi jeg mjer að taka fram það, er hjer fer á eptir.—

Lagaákvæði það, er hjer kemur til álita er endir næstsíðustu málsgreinar í 9. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, en þar segir að „þegar almennar kosningar hafa átt sjer stað, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er úrskurður bæjarstjórnarinnar á fyrnefndan hátt er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um

E. Kosningar. Nokkrir bæjarfulltrúarnir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-álitu, að lagaákvæði þetta fyrirskipar skýrt og ótvírætt, að hinir nýkjörnu bæjarfulltrúar ættu að taka sæti í bæjarstjórninni þegar, eptir að bæjarstjórnin sjálf hefði úrskurðað kosninguna gilda, án tillits til þess, hvort þeim úrskurði hefði verið áfrýjað. –

Jeg þar á móti og sumir bæjarfulltrúanna, lítum svo á, að eptir hlutarins eðli hljóti hinir eldri bæjarfulltrúar þá fyrst að fara úr bæjarstjórninni, þegar endanlegur úrskurður um lögmæti kosningarinnar er uppkveðinn og að þetta sje eigi ósamrýmanlegt við orð áminnzt lagaákvæðis. Jeg lít svo á, að það sem hjer er talað um „úrskurð bæjarstjórnarinnar“ sje að eins átt við úrskurð, er sje endanlegur, annaðhvort af því að lögákveðinn áfrýjunarfrestur sje liðinn án þess áfrýjað hafi verið eða af því, að hann hafi verið samþykktur af stjórnarráðinu. Á þetta virðast orðin „á fyrnefndan hátt“ benda, skoðuð í sambandi við fyrri hluta sömu málsgreinar. – Í bæjarstjórnarlögum hinna kaupstaðanna hjer á landi, fara hinir eldri fulltrúar þá fyrst úr bæjarstjórninni þegar fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er fram hafa komið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfir kosningunni. –

Eðlilegast er að skilja 9. gr. í tilsk.
20. April 1872 á sama hátt. Þegar úrskurði
bæjarstjórnarinnar um lögmæti kosn-
ingarinnar hefur verið áfrýjað, er úr-
skurðurinn „in suspenso". Og verði úr-
skurðinum hrundið og kosningin dæmd
ólögmæt af æðra úrskurðarvaldi, gildir
sú ónýting frá kosningardegi, og þá
er fallinn burt hinn lögmæti grund-
völlur fyrir veru hinna nýkjörnu
bæjarfulltrúa í bæjarstjórninni.
Ef þeir nú í bili hafa tekið við bæjar-
fulltrúastörfunum, bæði í nefndum
og á bæjarstjórnarfundum, þá verða
þeir að láta af þeim störfum, þegar ú-
slit óg kosning þeirra er dæmd ólög-
mæt. En ef nú hinir eldri fulltrúar,
hafa látið af störfum sínum, þá eru
þeir ekki skyldir til að taka við þeim
aptur, en af því leiðir að bæjarstjórnin
getur ekki fullskipuð fyr en eptir að nýjar
kosningar væru um garð gengnar og
þær úrskurðaðar lögmætar. En að
þriðjung af hinum kjörnu bæjar-
fulltrúum vanti um lengri tíma,
það verður að álítast ekki að eins baga-
legt svo að vandræði getur af hlotist,
heldur einnig ólögmætt. –

Þessar hugsanir [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

minum, er jeg kvaddi hinna fráfarandi
fulltrúa til fundarins í gær, og jeg
get þess, at jeg í því fylgdi hinni
sömu reglu og áður hefur verið
fylgt hjer. Að minnsta kosti einu
sinni áður, þegar alveg eins stóð á
og nú, hafa hinir fráfarandi bæjar-
fulltrúar setið á fundi, eptir að bæjar-
stjórnin hafði úrskurðað kosningu
nýkosinna fulltrúa gilda, en þeim
úrskurði verið áfrýjað. Það var árið
1903. Þá fóru fram almennar kosning-
ar 5. janúar. Yfir þeirri kosningu
var kært, en hún úrskurðuð lög-
mæt af bæjarstjórninni á fundi
15. janúar. – Þeim úrskurði var áfrýj-
að til landshöfðingja og hann ógilti
kosninguna með úrskurði 31. jan. –
En þann, 29. janúar eða tveimur
dögum áður en úrskurður lands-
höfðingja var kveðinn upp, var
reglulegur fundur haldinn í
bæjarstjórninni og á þeim fundi
mættu hinir fráfarandi bæjarfulltrúar
en ekki hinir nýkosnu – og gengdu full-
trúastörfunum þar til ný kosning
var um garð gengin og hún gild metin.
Og að þessu var ekki fundið þá.
En sem sagt er ágreiningur innan
bæjarstjórnarinnar um það hvernig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skilja beri áðurgreint lagaákvæði, og
því er stjórnarráðið beðið að láta uppi
úrskurð sinn um, hvort hinir ný-
kjörnu bæjarfulltrúar eigi að taka
sæti í bæjarstjórninni nú þegar,
eða áður en úrskurður stjórnarráðsins
er fallinn um lögmæti kosningar
þeirra. Og þar sem bæjarstjórnar-
fundur ekki verður haldinn fyr en
úrskurður um þetta er fenginn, en
mál hinsvegar bíða afgreiðslu
bæjarstjórnarfundar, leyfi jeg mjer
að óska, að fá svar upp á brjef þetta
svo fljótt, sem hentugleikar leyfa.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. mars 1910.

587

Kristján nokkur Bjarnason, Lindarg. 1, hjer í bænum, hefur þ. 5. þ.m. orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 50 kr. – Samkvæmt meðfylgjandi æfiferils-skýrslu, er hann sveitlægur í Presthólahreppi, og bið jeg yður því, herra sýslumaður, að útvega mjer sem allra fyrst viðurkenningu hreppsnefndar Presthólahrepps fyrir sveitfestinni, og um leið innheimta 2/3 hluta styrksins og senda mjer. –

Skýrsla um matsgjörð, er gjörð hefur verið á heimili Kristjáns, sendist og hjer með.

Til
sýslumannsins í Þingeyjarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1910

588

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 20 - tuttugu krónur - sem er endurgjald frá Jóni Þórðarsyni, skipstjóra í Ólafsvík, á eptirstöðvum af barnsmeðlagi því, er þ. 21. desbr. f. á. hefur verið ávísað úr bæjarsjóði. -

Kvittun óskast fyrir þessum 20 krónum. -

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. marz 1910.

589

Hjermeð sendi jeg yður 5 fimm krónur, sem Jón Ólafsson, skipstjóri í Ólafsvík hefur sent hingað ásamt eptirstöðvum af meðlagi því, er til bráðabirgða var útborgað úr fátækrasjóði Reykjavíkur, en þessar 5 fimm krónur skyldi drengurinn eiga sjer til gamans.
Meðlagsúrskurðurinn fylgir

Herra
skipstj. Steingr. Steingrímsson, Litlu-Klöpp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. marz 1910

590

Með brjefi dags. 14. f.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 25 - tuttugu og fimm krónur, sem er endurgjald á eptirstöðvum af barnsmeðlagi Jóns Þórðarsonar í Ólafsvík, er þ. 21. des. f.á. var útborgað úr fátækrasjóði Reykjavíkur.
Fyrir þessum 25 - krónum kvittast hjer með.

Til sýslumannsins í
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. marz 1910

591

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 20 – tuttugu krónur sem er endurgjald á 2/3 hlutum frá Holtahreppi í Rangárvallasýslu, á styrk þeim, er Jóni Sigurðssyni, Frakkastíg 11, var veittur á fátækra sjóði Reykjavíkur þ. 7. jan. þ. á.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. mars 1910. –

592

Með heiðruðu brjefi dags. 23. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd Holtahrepps í sýslu yðar sent mjer 20 – tuttugu krónur – sem er endurgjald á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Jóni Sigurðssyni, Frakkastíg 11, var veittur af fátækrasjóði þ. 7. jan. þ. á. –

Jafnframt því að kvitta fyrir kr. 20.00 leyfi jeg mjer að senda yður reikning yfir það, er Jón hefur orðið að þiggja síðan, er samtals nemur 70 kr., og krefjast þess að fá endurgoldna 2/3 hluta þeirrar upphæðar frá Holtshreppi.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. marz 1910

593

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 25. jan. þ.á. sendi jeg yður, herra sýslumaður, hjer með reikning yfir legukostnað stúlkunnar Björninu Margrjetu Klemensdóttur að upphæð kr. 43,50, og bið jeg yður að innehimta 2/3 hluta upphæðar þessarar hjá framfærslusveit hennar Vindhælishreppi.-

Til Sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa borgarstjóra Reykjavíkur. 2 maí 1910.

594

Bæjarstjórnin hefur á fundi 10. þ. m. eftir tillögu byggingarnefndarinnar leyft yður að gera inngönguskúr við hús yðar Laugaveg 54 A, með því skilyrði að eldvarnarveggur komi á þá hlið skúrsins er að nágranna veit.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Herra járnsmiður Jón Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa borgarstjóra Reykjavíkur
2 marz 1910.

595

Bæjarstjórnin hefur á fundi 10 þ.m. eftir tillögu byggingarnefndarinnar, leyft verzluninni „Edinborg“ að flytja hús það, sem stendur vestanvert við „Brunni“, vestur að steinhúsinu, sem er aðal-fiskgeymsluhús Sjávarborgar.

Þetta tilkynnist hér með.

Til verzlunarinnar „Edinborg“.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
2 marz 1910.

596

Bæjarstjórnin hefur á fundi 10. þ. m. eftir tillögu byggingarnefndarinnar leyft yður að flytja vestari inngönguna að húsinu Bankastræti 12 um ca: breidd sína til austurs.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Herra
úrsmiður Helgi Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

12 marz 1910. 597

Bæjarstjórnin hefur á fundi 10 þ.m. eftir tillögu byggingarnefndarinnar leyft, að 200 ferálnum af Melkotstúni suðvesturhorni við Tjarnarg. og Skothússtíg verði breytt í byggingarlóð, samkv. afmörkun lóðarinnar á framlögðum uppdrætti og mega samningsaðilar kjósa hvor af hinum sýndu tvennum takmörkum þeir velja. Leyfið er bundið venjulegum skilyrðum, þar á meðal að 20% kaupverðsins greiðist í bæjarsjóð.
Þetta tilkynnist hér með.

Herra kaupm. Ásgeir Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
12 marz 1910. 598

Bæjarstjórnin hefur á fundi 10 þ.m. eftir tillögum byggingarnefndarinnar, leyft Landsbanka Íslands að skilrúma sundur salinn á 2. hæð Landsbankahússins í austurenda og gera þar meðal annars eldtraustan skáp; en með því skilyrði er leyfið veitt, að allir veggir standi á undirstöðum, er byggingarfulltrúi tekur fullgildar og sérstakl. standi steinveggir alla leið neðan frá grunni.

Þetta tilkynnist hér með

Til Landsbanka Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

12. Marz 1910

599

Til gjensvar paa deres ærede brev af 2. d.m. meddees dem herved at prisen paa kuller her i byen varierer fra 3 til 8 öre pr. pund.Gjennemsnitsprisen maa antages at være 4 à 5 öre pr. pund.Ialtfald vil vil forretning kunne afslutte enkontrakt med fiskerne om at faa fisken til pris.Det bemærkes atde smaa kuller,der har den fineste fisk og bedste kvalitet, men ikke er store nok til at tilvirkes til udförsel paa sædvanlig made,er de billigste for tiden.-

det vilde glæde mig hvis de forenede konservesfabrikker vilde oprette en fabrik her i byen,og de kan regne paa min understöttelse af sagen.Byen har endnu ikke solgt den grund,som vi har talt om,at vilde være særlig hensigtsmæssig for en saadan fabrik,men da byen har en köber til grunden önsker jeg snarest muligt at faa at vide om det bliver til noget med konservefabrikken.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Deres ærede af 2. d.m. netop modtaget,men da byraadet ikke holder möde för om en uges tid har jeg ikke havt lejlighed til at faa dets afgörelse af om det vil overlade til dem og deres konsortium at udnytte kraften fra det store fald i Elliđaelven til industriel virksomhed og da paa hvilke betingelser.Men da sagen ifölge deres brev har saa stor betydning for dem og jeg interesserer mig for den,undlader jeg ikke allerede nu atfremkomme med fölgende bemærkninger.-

Jeg antager at byraadet intet vil have imod at udleje vandfaldets kraft eller en del deraf til industriel virksomhed, kun at byen derved kan sikre sig en fortjeneste udover hvad den nu oppebærer af Ellidaelven,samt at laxefiskeriet ikke vil tage skade deraf.Men her möder vi den vanskelighed,at en industriel udnyttelse af vanfaldet vil uundgaaelig medföre en forminskelse af byens indtægter af laxefiskeriet i elven.Som de ved har byen de foregaaende aar havt en aarlig indtægt af c.7300 kr. af laxefiskeriet.Denne leje er betalt af rige engelske sportsmænd,der fisker for sin fornöjelses skyld,og hvis en del af vandet bliver benyttet til industrielt brug,vil dette medföre at disse fatter mistro til fiskeriet i elven- selv om dette var ubegrundet- efterspörgselen efter elven vil blive forminsket og lejen dermed falde. Det forslag der antagelig vilde finde mest tilslutning i byraadet vilde være om deres konsortium lejede hele elven,baade vandkraften og laxefiskeriet,saaledes at det igjen fik ret til at udleje laxefiskeriet paa særlige betingelser til andre.Hvis der fremkom et saadant acceptabelt tilbud tror jeg ikke der vil blive rejst vanskeligheder i byraadet imod at leje elven paa et længere aaremaal.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Naar der derimod bliver tale om at udleje en del af vandfaldets kraft f.ex. 200 HK, saa vil byraadet, hvis byen ikke skal lide skade ved forminskede indtægter af laxefiskeriet, være nödt til at betinge sig en forholdsvis stor aarlig afgift. Jeg kan ikke udtale nogen begrundet mening om, hvor stor afgiften vilde blive pr. HK. Og det vil sandsynligvis ikke före til noget resultat at fremlægge sagen for byraadet medmindre nærmere og dtajlerede oplysninger foreligger. Det vil saaledes have sin störste interesse, at der for byraadet foreligger oplysninger om, hvilken art industriel virksomhed vandfaldet skal benyttes til, om konsortiet har sit hjemsted og værneting i byen, om driften skal foregaa i eller udenfor byens juridiktion, om hvilke pengemidler konsortiet raader over, om dettes bestyrelse o.sv. o.s.v.-Byraadet vil vanskelig tage nogen beslutning i denne sag medmindre saadanne oplysninger foreligger. Det er derfor mit bestemte raad-hvis sagen skal före til et resultat- at konsortiet sender snarest muligt en mand herop, der kan forelægge byraadet alle saadanne oplysninger og har fuldmagt til at forhandle paa konsortiets vegne og eventuelt afslutte lejkontrakten.-Isaafald vil jeg interessere mig for sagen og virke for, at en for begge parter heldig kontrakt kan komme i stand.-

Imödeseendederes svar pr. omgaaende tegner jeg

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. marz 1910.- 601

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 6 - sex krónur -, sem er endurgjald frá Álftaness-hreppi á 2/3 hlutum af legukostnaði Ingibjargar Ingjaldsdóttur, Óðinsgötu 8B.-

Kvittun óskast.-

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
15. marz 1910.-

602

Með brjefi dags. 2. þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 6 - sex krónur - sem er endurgjald frá Akraneshreppi á 2/3 hlutum legukostnaðar Ingibjargar Ingjaldsdóttur. Fyrir nefndum 6 - sex krónum kvittast hjer með.-

Til
sýslumannsins á
Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. marz 1910.

603

Hjermeð er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að senda kr. 4.00 – fjórar krónur – til ritstjóra „Norðurlands“, sem er gjald fyrir auglýsingu er birt var í blaðið, og færist upphæðin undir 20 lið h., samkv. meðfylgjandi reikningi.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. marz 1910



Eins og jeg þegar hef tilkynnt yður samþykkti bæjarstjórnin á síðasta fundiað fella mætti úr eptirstöðvum sem ófáanlegar skuldir þær frá árunum 1908,1907 og 1906,er tilgreindar voru á lista þeim,er þjer höfðuð sent að undanteknum þeim,er hjer segir :

1,Jóns Þórarinssonar smiðs.10 + 20 kr. Áður en bæjarstjórnin tæki ákvörðun um að nema þessar skuldir úr eptirstöðvum vildi hún fá eptirrit af lögtaksgjörð þeirri,er fram hefur farið hjá honum og reyndist árangurslaus.Er því hjer með lagt fyrir yður að senda eptirrit þetta.-

2,Timburverzlunarinnar "Vörn" frá árinu 1906.Bæjarstjórnin vildi einnig fá eptirrit af þeirri lögtaksgjörð.-

3,Verzlun K.Lárussonar frá 1906.Því var haldið fram í bæjarstjórninni að verzlun þessi hefði verið rekin það ár hjer í bænum, og var óskað eptir upplýsingum úr firmaregistrinu um það og var jafnframt álitið að einhverjar eigur væru til ennþá frá þessari verzlun.Um þetta óskast sem greinilegastar upplýsingar,og þar á meðal eptirrit úr lögtaksbókinni,ef eitthvað finnst í henni.-

4,Tengs frá 1907.Bæjarfulltrúi Klemens Jónsson upplýsti það á fundinum að brjef hefði nýlega komið frá manni þessum,er nú mun hafa stöðu í Noregi.Er því hægt þar að fá að vita verustað hans og leggur bæjarstjórnin fyrir yður að skrifa honum og krefja hann um gjaldið.-

5,Gísla J.Ólafsson símritara á Akureyri,Hann flutti hjeðan burt snemma í janúarmánuði 1908,og lagði bæjarstjórnin fyrir að innheimta 1/4 hluta gjaldsins eða 10 kr., samkvæmt ákvæðinu í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar, er segir, að sá sem flytur sig burt úr bænum einhverntíma á árinu, skuli greiða skatt til loka þess árs fjórðungs, er hann flytur sig. Ber vandlega að gæta að þessu ákvæði verði fylgt eptirleiðis, en ákvæði þessu virðist ekki hafa verið fylgt í framkvæmdinni að undanförnu, enda erfitt að beita því, ef viðkomandi gjaldþegn hefur flutt burtu áður en gjaldið hefur fallið í gjalddaga. En tilraun verður ætíð að gjöra til að ná inn gjöldunum eins fyrir það.-

Að öðru leyti var samþykkt að nema burt öll hin gjöldin á lista yðar. Það skal að eins athugað hvort sama gjaldið er ekki tvítalið hjá Jóni Þórarinssyni smið, þar sem hann er talinn á tveimur stöðum á skránni.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

15. marz 1910.



604

Eins og jeg þegar hef tilkynnt yður, herra bæjargjaldkeri, samþykkti bæjarstjórnin á síðasta fundi að fella mætti úr eptirstöðvum gjöld þau frá árinu 1909, er tilgreind voru á lista þeim, er þjer höfðuð sent, að undanteknum þeim, er hjer segir :

1, A.Bajer bankaritara, er fór til útlanda 21. júlí f.á.. Átti hann að greiða gjaldið fyrir júlíársfjórðunginn, eða helminginn af upphæð þeirri, er þjer föruð fram á, að nema mætti burt. Ber yður að gjöra tilraun til að innheimta gjald þetta hjá honum.-

2, Björns Pálssonar, Lindargötu 30., en um hann var álit sumra, að hann ætti eitthvað í sparisjóði.

3, Einars Guðmundssonar, Holtsgötu 10. Erfingi hans er Marzibil Jónsdóttir, og greiðir hún ef til vill gjaldið.-

4, R.Hansen klæðskeri. Hann hefur átt að borga 3/4 hluta af gjaldinu og ber yður því að gjöra tilraun til að spyrja uppi verustað hans og innheimta gjaldið.-

5, J.C~~hr.~~ Jacobsen bakara. Hann hefur átt að greiða 1/4 hluta gjaldsins, og ber einnig að reyna að ná inn þeim hluta.-

6, Fr. V.Kjörbo. Hann hefur átt að greiða 1/4 hluta útsvarsins og ber að reyna að innheimta það hjá honum.-

7, A.L.Lamb. Hann hefur einnig átt að greiða 1/4 hluta gjaldsins og ber að reyna að innheimta það.-

Að öðru leyti var samþykkt að fella mætti úr eptirstöðvum upphæðir þær, sem tilgreindar voru á lista yðar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. mars 1910

605

Fátækranefndin hefur á síðasta fundi samþykkt að hækka meðlag með Guðrúnu Magnúsdóttur þurfaling á Hverfisgötu 23 uppi 18 krónur um mánuðinn.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. marz 1910.

606

Fátækranefndin hefur samkvæmt ósk yðar tekið á sig að greiða húsaleigu fyrir Jón Jónsson frá Sranarauðum, 6 krónur á mánuði.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Ólafur Björnsson, Bakka.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
18. marz 1910

607

Fátækranefndin hefur á síðasta fundi samþykkt að leigja yður kálgarð á Litlabæjarlóð til afnota á yfirstandandi ári, fyrir 10 kr. afgjald. –

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Til

Rannveigar Gissurardóttur,

Lindargötu 40

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. marz 1910.-

608

Hjer með sendi jeg yður, herra sýslumaður, reikning til Biskupstungnahrepps að upphæð 55 krónur yfir styrk þann, er Halldóri Þórðarsyni, Laufásveg 37, hefur verið veittur af fátækrasjóði Reykjavíkur, og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta upphæðar reikningsins hjá Biskupstungnahreppi og senda mjer við allra fyrsta tækifæri.-

Til
sýslumannsins í Árnessýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. marz, 1910

609

Björn hreppstjóri Björnsson í Gröf, sem á að semja markaskrá fyrir Gullbr.- og Kjósarsýslu, Reykjavík og Hafnarfjörð, hefur tilkynnt mjer, að þjer eigið sammerkt við Einar Einarsson, Merki, í Grindavíkurhreppi, og er þess krafist, að þjer innan loka þessa mánaðar tilkynnið nefndum hreppstjóra breytingu á merki yðar, eða að þjer sleppið markinu, því bannað er að sama mark sje eignað tveimur í markaskránni.

Herra
Guðmundur Árnason, Grjótag. 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. marz 1910

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda stjórnarráðinu hjer með vottorð hjeraðslæknisins um atriði þau viðvikjandi sjúkdómi stúlkunnar Unu Ásu Arngrimsdóttur, er stjórnarráðið hefur æskt eptir i brjefi dags. 22. f.m.. Jafnframt leyfi jeg mjer að geta þess, að fátækranefndin á ekki kost á að koma sjúklingi þessum fyrir á neinum stað öðrum en sjúkrahúsinu, með sömu von um bata og þar, enda lit jeg svo á, að það sje skylda fátækranefndarinnar að láta hana vera þar fremur en annarsstaðar, til þess að forðast sýkingarhættuna.- Leyfi jeg mjer því að vænta, að fátækrasjóður bæjarins fái endurgreiddan þann hluta af spitalakostnaði sjúklings þessa árið 1909, sem umfram er 200 kr.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. marz 1910

Kona Jóns nokkurs Guðalugssonar, skósmiðs Skólavörðustig 33, hefur orðið veik og eptir skipun læknis hefur orðið að leggja hana á sjúkrahús. Fátækranefndin hjer varð að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaðinum og verður væntanlega að greiða legukostnaðinn. Jeg sendi yður hjer með, herra sýslumaður, æfiferilskýrslu Jóns þessa Guðalugssonar, og er hann samkvæmt henni sveitlægur í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Bið jeg yður að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfestinni. Reikningur yfir legukostnaðinn verður sendur á sínum tíma, ef fátækranefndin þarf að greiða hann.-

Til Sýslumannsins í Mýra- og [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. marz 1910

Seint í desembermánuði síðastliðnum veiktist hastarlega kvennmaðurinn Helga Jóhannsdóttir Skólavörðustig 23, og varð þegar að flytja hana á sjúkrahúsið og fátækranefnd Reykjavíkur varð að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaðinum. Samkvæmt þeirri ábyrgð hefur fátækranefndin í dag orðið að greiða legukostnaðinn með kr. 64,75, eins og meðfylgjandi reikningur sýnir. Jeg sendi nú yður, herra sýslumaður, æfiferilskýrslu nefndrar stúlku, og samkvæmt henni er hún sveitlæg annaðhvort í Stafholtstungnahreppi eða Reykholtsdalshreppi. En hvor þeirra hreppur er framfærsluskyldur er væntanlega hægt með vissu að fá að vita, þar sem börn Helgu hafa verið alin upp á sveit. Bið jeg yður að útvega og senda mjer viðurkenningu framfærslusveitarinnar fyrir sveitfestinni og innheimta hjá henni 2/3 hluta hins veitta styrk eða kr. 43,17.-

Þess er líka óskað, að framfærslusveitin ráðstafi Helgu sem fyrst, og er þess óskað, að flytja megi hana þurfamannaflutningi á sveit sína.-

Til Sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðar[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

613

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. marz 1910

Bæjarstjórnin hefur heimilað mjer að gjöra samning við yður um að selja yður vatn það,er þjer þurfið til þvottastöðvar yðar fyrir 10 kr. á mánuði,fyrir timabilið frá 1. okt. 1909 til ársloka þetta ár.Jeg vænti því,að þjer, herra ingeniör,komið sem fyrst hingað á skrifstofu mina til þess að gjöra samning um þetta.-

Herra Ingeniör Rostgaard ,Hverfisgötu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

614

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. marz 1910

Bæjarstjórnin hefur heimilað mjer að gjöra samning við "Baðhúsfjelag Reykjavíkur" um að selja baðhúsinu vatn eptir þörfum fyrir 15 kr. á mánuði fyrir tímabilið frá 1. okt. 1909 til ársloka þetta ár. Jeg vænti því, að þjer, herra málaflutningsmaður, sem formaður fjelagsins komið sem fyrst á skrifstofu mína, til þess að gjöra samning um þetta.-

Herra málaflutningsmaður Eggert Claessen , Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

615

Bæjarstjórnin hefur heimilað mjer að gjöra samning við "Slipfjelagið" um vatnssölu því til handa úr vatnsveitunni fyrir 25 króna mánaðargjald fyrir tímann frá 1. okt. f.á. til 31. des. þ.á..Bið jeg yður,herra kaupmaður, að koma hingað sem fyrst á skrifstofu mína,til þess að undirskrifa samning þennan.-

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 18. marz 1910.

Herra kaupmaður Jes Zimsen Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

616

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. marz 1910

Bæjarstjórnin hefur heimilað mjer að gjöra samning við hlutafjelagið Iðunn um greiðslu vatnsskattsins þannig, að skatturinn verði 60 kr. á mánuði talið frá 1. okt. 1909 til 31. des. þ.á.-Bið jeg yður því,herra verksmiðjustjóri,að koma hingað á skrifstofu mína hið allra fyrsta til að gjöra samning þennan.-

Herra versmiðjustjór Bertelsen , Iðunn.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. marz 1910.—
617

Hjer með er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að greiða kr. 4.00, samkv. meðfylgjandi reikningi til Københavns Magistrats 3die Afdeling, vottfyrsla tarifsá

Til
bæjargjaldkerans Reykjavíkur.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórnar Reykjavíkur
19. marz 1910.

618

Hjer með er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 16.20 til sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu, sem er kostnaður við árangurslaust uppboð á ~~sk~~skýli vatnsveitunnar á Rauðhólum.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19. marz 1910

Með heiðruðu brjefi dags. 15. þ.m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, beiðst upplýsingar um það, hvort skattanefndin hjer hafi byggt tekjuskatt Bjarna Helgasonar Njálsgötu 50 á tekjuskattsskránum 1907 og 1908 á skýrslu skattanefndarinnar í Hraunhreppi í Mýrasýslu frá sömu árum eða á eldri skýrslum.

Þessu svarast þannig, að er skattanefnd bæjarins fyrst setti Bjarna Helgason á skattskrá hjer mun hún vafalaust hafa byggt á skýrslum skattanefndarinnar í Hraunhreppi. En síðan hefur skatturinn eins og venja er verið látinn halda sjer meðan ekki var kært yfir honum. En kæra frá Bjarna kom fyrst fram í desembermánuði næstliðnum, og var hann þá styrkaður út af skránni. En þar sem hann hefur nú fært fullar sönnur á, að hann ekki hefur átt að greiða skattinn árin 1908 og 1909, nægir það væntanlega til þess að stjórnarráðið gefi samþykki sitt til, að honum endurgreiða skattinn fyrir þessi ár.-

Fylgiskjölin með brjefi yðar endursendast.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. marz 1910



Með lögum nr. 84,22.nóv. 1907 ,2.gr. er bæjarstjórn Reykjavikur veittur einkarjettur til að selja neyzluvatn í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins,og fellur þar undir sala á vatni til skipa á höfninni.Mjer hefur verið skýrt frá því að þessi rjettur bæjarins hafi verið brotinn af manni að nafni Emil Strand,þar sem hann hafi síðast í gær selt frönskum botnvörpuskipum vatn hjer á höfninni,vatn,sem hann ekki hafði tekið úr vatnsveitu bæjarins heldur sótt upp á Kjalarnes.Fyrir brot þetta leyfi jeg mjer hjer með að kæra hann og krefjast þess að lögreglurannsókn verði hafin gegn honum,til þess að fá það upplýst,hvort hann hafi gjört sig sekan í þessu,og reynist svo óska jeg dóms og að hann verði látinn sæta sektum fyrir þetta brot hans,og þá jafnframt skyldaður til að greiða bænum skaðabætur,60 aura fyrir hvert ton af vatni,sem hann hefur óleyfilega selt.En bærinn fær 60 aura fyrir hvert ton af vatni,sem hann selur skipum hjer á höfninni-

Þess skal getið,að bæjarstjórnin hefur falið herra kaupmanni Jes Zimsen að afhenda allt vatn úr bæjarvatnsveitunni til skipa á höfninni,og sendi jeg hjer með til upplýsingar eptirrit af samningnum milli hans og bæjarstjórnarinnar um það,og eitt eintak af reglugjörðinni um innheimtu vatnsskattsins.-

Það skal tekið fram,að jeg lit svo á,að undir orðið "Neyzluvatn" í 2. gr. laganna 22. nóv.1907 falli allt vatn, sem látið er úr landi til skipa á höfninni,einnig það,sem látið er á katla gufuskipanna.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
19. marz 1910.

Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 11. jan. þ. á. tilkynnist hjer með, að stúlkan Filippía Þorkelsdóttir sú er brjefið ræðir um andaðist á Landakotsspítalanum þ. 8. þ. m. - Fátækranefndin hjer hefur orðið að greiða legukostnaðinn samkvæmt meðfylgjandi reikningi, að upphæð samtals 216 krónur. Bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta upphæðar þessarar hjá framfærsluhreppnum, sem er Skefilstaðahreppur.-

Til svars brjefi hreppsnefndaroddvita Skefilstaðahrepps, dags. 4. jan., er fylgdi nefndu brjefi yðar, skal þess getið, að eptir því sem mjer hefur verið skýrt frá, er faðir barns þess, er Filippía átti Aage Friis nokkur verzlunarmaður í Kaupmannahöfn og að líkindum sveitlægur þar, en barnið mun vera á framfæri í Kjalarneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. marz 1910.

622

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 21 - tuttugu og eina krónu, sem er endurgjald frá fátækrasjóði Hafnarfjarðar á legukostnaði Guðrúnar Gísladóttur, er ávísað var hjer af fátækrasjóði þ. 23. f. m.-

Kvittun óskast við tækifæri.-

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. marz 1910

623

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með eptirrit úr fundargjörð byggingarnefndarinnar 12. f.m., innihaldandi kæru á hendur David Østlund fyrir það, að hann hafi ólöglega skipt sundur lóð sinni, er hann seldi húseignina í Þingholtsstræti nr. 23. Leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að þjer takið mál þetta fyrir rjett og látið hinn brotlega sæta sektum fyrir það. Að öðru leyti mun bæjarverkfræðingurinn, ef hann verður kvaddur í rjettin gefa allar nauðsynlegar upplýsingar þessu viðvíkjandi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. marz 1910

Fátækrastjórnin í Hafnarfirði hafði komið gamalmenninu Gurúnu Gísladóttur fyrir hjer í bænum sem föstum ómaga og fyrir ákveðið meðlag yfir árið. Í lok janúarmánaðar þ.á. veiktist Guðrún þessi mjög og kom þá sá, er hana hafði til framfæris til mín og krafðist þess, að hún yrði lögð á spítala og að fátækranefndin hjer tæki að sjer ábyrgð á legukostnaðinum, en áður hafði hann hann árangurslaust farið þess á leit við fátækranefndina í Hafnarfirði, að hún ráðstafaði henni á spítalann. Jeg neitaði að taka ábyrgð á legukostnaði sjúklings þessa, nema þá eptir beiðni fátækranefndarinnar í Hafnarfirði og gegn fullu endurgjaldi þaðan. Um þetta átti jeg tal í símanum við sýslumanninn í Hafnarfirði og hjelt þar fast fram neitun minni, að neita að taka á fátækranefndina ábyrgðina nema í umboði fátækranefndarinnar í Hafnarfirði og gegn fullu endurgjaldi frá framfærslusveitinni. Talaðist okkur svo til í símanum, að jeg ráðstafaði sjúklingnum á spítalann, en jeg sleppti ekki kröfu minni að fá útlagðan kostnað endurgoldinn að fullu. Það var alveg nauðsynlegt að flytja sjúklinginn á sjúkrahúsið, því hann var dauðveikur og gat ekki fengið þá hjúkrun er þurfti heima. Epitr þriggja vikna dauðastríð dó svo sjúklingurinn og varð fátækranefndin hjer að greiða legukostnaðinn með kr. 31,50. Jeg krafði svo bæjarfógetann í Hafnarfirði um upphæð þessa með brjefi dags. 23. febr. þ.á., er hjer með fylgir eptirrit af, en með brjefi 1. þ.m. sendir hann mjer að eins 2/3 hluta kostnaðarins, en neitar að greiða 1/3 hluta eða kr. 10,50, af því að Reykjavík sem dvalarsveit eigi ekki rjett á endurgjaldi fyrir þann hlutann. Þetta brjef bæjarfógetans ásamt reikningnum yfir legukostnaðinn fylgir hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer nú að fara þess á leit, að stjórnarráðinu vildi þóknast að skylda fátækrastjórn Hafnarfjarðar til þess að endurgjalda fátækrasjóði Reykjavikur þessar kr. 10,50. Reykjavik er ekki að lögum dvalarsveit fastra ómaga, sem aðrar sveitir koma hjer fyrir, og eins og bærinn ekki er skyldur til að leggja út neinn hluta af hinu fasta meðlagi til bráðabyrgða, eins er hann heldur ekki skyldur til að greiða neinn hluta af sjúkrakostnaði slikra þurfalinga.. Í þessu tilfelli er þetta alveg auðsætt, þvi fátækrastjórnin i Hafnarfirði var samkvæmt 47. gr. fátækralaganna beint skyldug til sjálf að ráðstafa sjúklingnum á spitalann, og ef hún vanrækti þá skyldu, þá var fátækrastjórnin hjer beint skyldug til að gjöra það i umboði hennar sem negotiorum gestor. Og hjer við bætist að þurfaling þessum var ráðstafað samkvæmt simtali við fátækrastjórn Hafnarfjarðar.

Hinsvegar get jeg þess að krafan um greiðslu á útfararkostnaði nefndrar Guðrúnar Gisladóttur fellur niður af sjerstökum ástæðum.-

Til Stjórnarráðs Íslands

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. marz 1910.-

625

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40 - fjörutíu - krónur sem er endurgjald frá Kjalarneshreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk Hallgríms Hanssonar, Bergstaðastræti 22, er áviðast var af fátækrasjóði þ. 18. nóv. og 23. desbr. f. á.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. marz 1910

626

Hjer með er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að greiða til herra verkfræðings H.A.Hansen Aakirkeby, Bornholm, i Danmörku kr. 1166,67, sem eru eptirstöðvar af kaupi hans fyrir vatnsveituna. Þetta færist til útgjalda undir 14. lið áætlunarinnar.-

Frá upphæðinni dregst það, sem H.A.Hansen skuldar af útsvari sinu fyrir liðið ár.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. marz 1910

627

Hjer með er lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að greiða til entreprenörs G. Lössl, Kirkevej 13, Charlottenlund, Danmark, kr. 1756,62 og færa til útgjalda undir 14. útgjaldalið áætlunarinnar.-

Frá upphæð þessari má þó draga það er G. Lössl skuldar af aukaútsvari sinu næstliðið ár.-

Til gjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

691

628

Borgmesterkontoret i Reykjavik
23. Marz 1910.-

Hr. Ingeniör H. A. Hansen, Aakirkeby

Byraadet har besluttet at udbetale Dem Resten af Deres Gage som ledende og tilsynsförende Ingeniör ved Bygningen af Byens Vandledning Kr. 1166.67.-

Fra dette Belöb har jeg, efter den Besked Konsul Hr. Thorgrimsson har overbragt mig fra Dem, tilladt mig at trække Resten af Deres Byskat her for 1909, stor 100 Kr., hvorfor Kasserens Kvittering sendes hoslagt.

Resten Kr. 1066.67 har jeg den Ære hoslagt at fremsende i en Check paa Privatbanken i København.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. marz 1910

Hr. Entreprenör G. Lössl, Charlottenlund

I Besiddelse af deres ærede Brev af 11. f. M. undlader jeg ikke hoslagt i en Check paa Privatbanken i Köbenhavn at fremsende deres ifölge Opgörelse indestaaende Garantibelöb Kr. 1711.00 + renter i 8 Maaneder Kr. 45.62 = Kr. 1756.62, med Fradrag af det skyldige Skattebelöb til Kommunen, stort 129 Kr., hvorfor Kasserens Kvittering sendes hoslagt.

Hvad deres övrige Fordringer angaar, saa er disse ikke anerkendte af Byraadet og Vandværksudvalget. Jeg forventer derfor at en Forhandling angaaende disse kommer i Stand, eller eventuelt at de og Byraadet kan komme overens om, at lade Voldgift afgjöre Twistespörgsmaalene. –

Jeg bemærker at för Garantiperiodens Udlöb maatte Byen lade foretage nogle smaa Reparationer paa enkelte Sammenföjninger i Vandledningen, som de skal betale efter Kontrakten. Jeg har ikke fradraget dette i deres Restbilgodehavende, men vil eventuelt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

senere sende dem en Regning derover. Det drejer sig da herom ganske ubetydelige Beløb. Forøvrigt har Vandledningen vist sig at være tæt og deres Arbejde godt udført. –

Med Højagtelse. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. marz 1910.–

Hjer met sendi jeg yður, herra
bæjargjaldkeri, póstávísun at
upphæð 41 króna, sem er endur-
gjald frá Kaupmannahöfn
á sjúkl. Kai Kristensen, Vest-
urgötu 16.–

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur.
26. mars 1910. —

635

Jafnframt því að senda yður, herra byggingarfulltrúi, erindi Helga Hannessonar, úrsmiðs ásamt 3 fylgiskjölum, um eldvarnarvegg milli húsanna Bankastræti 12a og b, eruð þjer beðinn að senda byggingarnefndinni fyrir næsta fund ýtarlega umsögn yðar um málið.

Til
byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

632

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar var yður, herra trjesmiður, leyft að breyta smíðahúsi á Skólavörðustíg nr. 4c í íbúðarhús, með því skilyrði, að breytingin fari fram undir sjerstakri umsjón byggingarfulltrúans og fullnægi í öllum atriðum kröfum byggingarsamþ. um íbúðarhús, ennfremur að afsalið fyrir lóðarræmu þeirri, er þjer keyptuð undir húsið, sje þinglesið.

Herra
trjesmiður Jóhannes Lárusson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

633

Byggingarnefnd og bæjarstjórn hafa leyft Landsbankanum að breyta þakinu á blikksmiðjunni við Ægisgötu og Nýlendugötu (áður eign Sjeturs sál. Jónssonar blikksm.) þannig að mænirinn komi á mill húsið. – Leyfið er því skilyrði bundið, að syllurnar verði bundnar í þverbita með járnaðkerum. –

Til
Landsbanka Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

634

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi sínum leyft verzluninni að flytja dyrnar á austurgaflinum á húsinu Nr. 2 í Kolasundi lítið eitt til hliðar, suður á við.
Þetta leyfi ſeyrnjer að tilkynna hjermeð.

Til
Thomsens Magasin, Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.-

635

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi leyft verzluninni ýmsar breytingar á húsinu nr. 21 í Hafnarstræti samkvæmt teikningu er fylgdi beiðninni dags. 6. þ.m.
Þetta tilkynnist hjer með.-

Til
Thomsens Magasín.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910

636

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa samþykkt svohljóðandi:
„Helga steinsmið Jónssyni leyft að reisa íbúðarhús á ofangreindri lóð (3. lið) 12½° á hvern veg, með tveim inngönguskúrum 4°x 4°; stigi er of mjór á uppdr. á að vera 1°9" í minnsta lagi. Byggingarnefndin gefur fyrir sitt leyti leyfi til að Helgi megi gera peningshús og hlöðu (í einu húsi) 14°x20° álna með því skilyrði að það standi að minnsta kosti 5 álnir norður frá fyrirhuguðum götujaðri og í lögákveðinni fjarlægð frá íbúðarhúsinu.–
Fram með Laugavegi komi frá austurhorni íbúðarhússins þjett og há girðing austur á lóðarmörk. Hús þessi verða úr steini."
Þetta tilkynnist hjermeð.

Herra
steinsm. Helgi Jónsson, Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

634

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur á síðasta fundi sínum leyft yður að breyta húsi yðar við Vesturgötu, að byggja eina hæð ofan á suðurhelming hússins, gjöra inngöngudyr á vesturgafl, stiga upp frá þeim, og setja nýjan reykháf í vesturenda hússins.

Biskupsfrú
El. Sveinsson, Vesturgötu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

635

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi sínum leyft yður, herra lagaskólastjóri, að reisa íbúðarhús 15° x 17° á horninu við Tjarnargötu og Skothússtíg í Melkotstúni. Húsið standi 5 álnir frá nyrðri lóðarmörkum og 5°–8° frá jaðri Tjarnargötu. –

Herra
lagaskólastjóri Lárus Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

639

Á fundi bæjarstjórnarinnar
þ. 23. marz var ytir leyft að breyta
geymsluhúsi ~~hjá~~ við Lækjargötu 12a,
samkv. uppdrætti, þannig að
geymsluhúsið verði 6° x 15° með
salerni 4½° x 2½°, en jafnframt rifið
niður geymsluhús 5° x 4¼°. Hið
nýja geymsluhús stendur á
mörkum með eldvarnarvegg
á þeim vegi.

Herra
trjesmiður Jóhannes Lárusson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

640

Eptir ósk fjelagsstjórnar Sjúkrunarfjelags Reykjavíkur í brjefi dags. 22. f.m. var fjelaginu veittur fyrir yfirstandandi ár 400 króna styrkur úr bæjarsjóði.

Til
Sjúkrunarfjelags Reykjavíkur
hr. lektor Jón Helgason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

641

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi leyft yður að gjöra kloakbrunn á Vesturgötu og frá honum holræsi til sjáfar, samkv. beiðni yðar, dags. 12. þ. m., en verði það unnið undir umsjón og eptir fyrirsögn bæjarverkfræðingsins. –

Herra
bakari Carl Frederiksen. Vesturgötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. mars 1910.

642

Á síðasta fundi var lögð fram beiðni yðar, dags. 10. þ.m. um leyfi til malartöku. Bæjarstjórnin ákvað að veita yður leyfi til að taka allt að 1000 tunnur af möl í Vatnagörðum gegn 10 aura endurgjaldi í bæjarsjóð fyrir hverja tunnu af möl, að áskildri umsjón bæjarverkfræðingsins eða veganefndarinnar.

Herra
trjesmiður Jens Eyjólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
26. mars 1910

643.

Bæjarstjórnin synjaði yður um lækkun á útsvari yðar fyrir 1909, er þjer höfðuð farið fram á í brjefi dags. 16. f. m. —
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjermeð. —

Herra
bakari Ludvig Bruun, Kirkjustræti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

644.

Útsvarskæru yðar, herra verslunarstjóri, dags. 14. f.m. vísaði bæjarstjórnin frá sem ofseint framkominni.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
verslunarstjóri B. Bendtsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26 marz 1910.–

645

Á fundi 23. marz var lögð fram beiðni yðar o.fl. dags. 24. f.m. um at fá ljeða lúðra bæjarins. Bæjarstjórnin samþykkti at lána fjelaginu, er Hallgrímur Þorsteinsson verður kennari fyrir lúðrana til æfinga, fyrst um sinn í tvo mánuði.

Herra
Guðm. Sigurjónsson, Ingólfsstr. 10.–



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjórans í Reykjavík
26. mars 1910.

616

Bæjarstjórnin veitti yður, herra bæjargjaldkeri, 500 króna árlega þóknun fyrir innheimtu vatnsskatts og innheimtu innlagningarkostnaðar vatnsæðpípnanna.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Til
bæjargjaldkerans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Gensvar paa Tarifforeningens ærede Skrivelse af 7. Januar d. A., meddeles fölgende:

Hoslagt sender jeg en kort Beskrivelse af Byens Vandledningsanlæg, som antagelig vil indeholde alle de önskede Oplysninger angaaende dette. Det bemærkes, at Vandtrykket er alle Steder i Byen saa stort, at en Vandstraale ved Hjælp af Slangerne kan föres direkte fra Brandhanerne höjere end de höjeste Huse i Byen.

Af Slukningsmateriel har Byen 200 Meter nye indvendig gummierede Slanger, der skrues paa Brandhanerne, og der er yderligere bestilt 100 Meter af samme Slags. Ved Hjælp af disse vil saaledes i Tilfælde af Ildebrand Vand kunne föres fra 3-4 Brandhaner samtidig.-

Endvidere har Byen en patent Redningsstige, 4 Spröjter med tilhörende Vandkar og c. 300 Spande, Brandhager, Sejl o.s.v. – Spröjterne betjenes alle ved Haandkraft. 3 af dem giver ved 50 Slag pr. Minut c. 100 Liter. Horisontal kastevidde c. 65 Fod med mindste Straalerör den 4. Spröjte, den mindste

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

giver ud 50 Slag pr. Minut c. 68 Liter.
Horizontal kasteviidde c. 55. Fod.
Sprøjterne føres frem ved Haandkraft.

Brandalarmeringen foregaaer med Signalhorne (brandlure,

Med Hensyn til Organisationen af Brandkorpset bemærkes, at dette nu skal omordnes fuldstændig. Byraadet har i den Anledning henvendt sig til Branddirektøren i København med Anmodning om, at sende en sagkyndig Mand herop for at indøve et Brandkorps og give Raad og Vejledning om, hvorledes Brandvæsenet kan omordnes paa fuldt ud betryggende og mest hensigtsmæssig Maade. Saasnart denne Mand har været heroppe vil Brandvæsenet blive fuldstændig omordnet, antagelig efter de nyeste Vedtægter i Danmark.

For Tiden er Organisationen den, at der er en fastlønnet Brandinspektør der ogsaa foretager Brandvisitationerne i alle Huse to Gange om Aaret. Under ham er der igjen en Vicebrandinspektør; Afdelingschefer, og hver Sprøjte har sit Mandskab til Betjening. Alle Byens Borgere paa faa Undtagelser nær er pligtige til at møde i Tilfælde af Ildebrand

+ og disse skal holdes mindst 4 Gange

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

om Aaret o. s. v. – Nu er der allerede begyndt at indöve et lille fast belönnet Korps, særlig til Brandhaneslangerne. –

Men som sagt forestaar der en fuldstændig Omordning af hele Brandvæsenet, ligesom Materiellet vil blive kompletteret, og det er Byraadets Mening at dette skal göres saaledes, at det kommer til at staa paa Höjde med det bedste under tilsvarende Forhold i Udlandet, alt dette under den Forudsætning, at Reykjavik by kommer til at nyde de samme Assurancevilkaar med Hensyn til Brandassurance, som f. Ex. Byer i Danmark under lignende Forhold. Jeg bemærker at jeg i et Brev af 30. Okt. f. A. til "Palatines" Repræsentant her har anmodet om at faa at höre Tarifforeningens Forslag om, hvilken Indretning af Brandvæsenet og hvilke Sikkerhedsforanstaltninger der önskedes iværksatte, for at Byen her kunde nyde de samme Assurancebetingelser som f. Ex. Byer i Danmark, men dette er ikke bleven efterkommet. –

Jeg anmoder om snarest muligt at erholde Underretning fra den danske Tarifforening om Nedsættelse af Præmiesatserne for Reykjavik kan ventes og da hvor meget. Den nuværende Assurancebetingelser [illegible]

2 ende Assurancebetingelser er jo ganske uklare og menigfoldige efter at Byen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

har faaet en udmærket Vandledning. Den höje Præmie virker antagelig skadeligt ogsaa for Assurance-selskaberne, idet Folk undlader at assurere saa vidt muligt. En Forandring maaske. I Tilfalde af, at der ikke kan opnaas en tilfredsstillende Overeenskomst med den danske Tarifforening maa Byraadet sætte sig i Spidsen for, enten at faa en kommunal Forsikring i Island eller en Overeenskomst med et andet Assuranceselskab. Men förend nogel Skridt i den Retning bliver taget, önsker jeg at höre Tarifforeningens Forslag om Nedsættelsen af Præmierne.

Ærbödigst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910

648

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri - 50 - fimmtíu krónur, sem er endurgjald frá Pjetri Pjeturssyni uppí meðlag með barni hans og Halldóru Ólafsdóttur, Njálsgötu 56.

Kvittun óskast.

Til

bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. mars 1910

649

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40 - fjörutíu krónur, sem er endurgjald frá Hólhreppi á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Guðmundi Helga Jakobssyni hefur verið veittur á tímabilinu frá 23. okt - 22. des. f. á.

Kvittun óskast. -

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. mars 1910.

650

Með brjefi dags. 15. f.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 50 – fimmtíu krónur, sem er meðlag er þjer hafið innheimt hjá Pjetri Pjeturssyni á Hóli í Hjaltastaðahreppi, með barni hans og Hallbjörn Ólafsdóttur.

Fyrir nefndum 50 krónum kvittast hjermeð.

Til

sýslumannsins í Norður-Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. marz 1910.

651

Með brjefi dags. 28. febr. þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd Áshrepps sent mjer 40 krónur, sem eru 2/3 hlutar af styrk þeim, er Guðmundi Helga Jakobssyni, Vitastíg 18, hefur verið veittur af fátækrasjóði Reykjavíkur [illegible] 40 krónum. Kvittast hjer með fyrir [illegible].

Út af því er hreppsnefndin [illegible], skal þess getið, að [illegible] fjölskyldu þessari [illegible] á sveitina [illegible] vegna áhrifa [illegible] bæjarfátækrastjórnarinnar [illegible] hefur þegar 100 krónur.

Til
sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Reykjavik, Iceland
(The Mayor's Office).
26th March. 1910.

Messrs. J. A. Lumbye & Dowell.
Lumby House,
34. St James's Street,
London, S. W.

Dear Sirs,

As I have not yet heard from you as to whether you have succeeded in renting the Ellidaa river for the next season, I should feel very much obliged to you if you would kindly inform me how this matter stands now, and whether I may expect soon to hear that a contract for the renting of the river will be entered into.

It is so much more important to me to be informed of this as I have received an enquiry from other quarter relative to the rent of the river.

I am, Dear Sirs,
Yours faithfully.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. marz 1910.

653

Hjermeð eru yður, herra bæjargjaldkeri, send póstávísun að upphæð kr. 145 - eitt hundrað fjörutíu og fimm krónur, sem er endurgjald frá fátækrastjórn Kaupmannahafnar á styrk, er Knud Jensen, Nýlendugötu, hefur verið veittur af fátækrasjóði Reykjavíkur frá 28. mai 09 til 5. f. m.

Til

bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. marz 1910

654

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi sambykkt að selja yður lóð meðfram Laugavegi að norðan undir íbúðar- og peningshús. Lóðin byrji 160 álnir austur frá veginum að Lauganesspitala og sje 50 álnir meðfram Laugavegi og 35 álna breið til norðurs, en syðri jaðar lóðarinnar sje 20 álnir frá nyrðri brúna Laugavegarins. Bæjarstjórnin hefur ákveðið lóðarverðið 50 aura fyrir feralin hverja, og vænti jeg að þjer greiðið það til mín hið fyrsta, og mun yður þá verða gefið afsal fyrir lóðinni.-

Herra steinsmiður Helgi Jónsson, Hverfisgötu : c.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

29. marz 1910

655

Á bæjarstjórnarfundi 23. þ.m. breytti bæjarstjórnin 3. lið í tillögum byggingarnefndarinnar á fundi hennar 12. þ.m. á þá leið, að suðurtakmörk lóðar þeirrar, er selja á Helga steinsmið Jónssyni við Laugaveg norðanverðan skyldu ákveðin 20 álnir frá norðurbrún Laugavegar, í stað þess að byggingarnefndin hafði lagt til, að hún yrði 10 álnir frá veginum..-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta er hjer með lagt fyrir yður að mæla út lóðina handa Helga, og get jeg þess um leið, að Helgi ætlar að fara fram á, að lóðin ekki þurfi að vera meira en 25 álnir á breidd, og óskast sjerstaklega álits yðar um, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að það verði veitt.-

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. marz 1910

656

Guðmundur Jakobsson snikkari hefur krafizt þess að fá gefin út erfðafestubrjef fyrir þessum löndum :

1, Leyningi, sem honum var selt á erfðafestu 1904.

2, Norðurmýrarbletti nr. 21, sem Sigurði Guðmundssyni og Einari Finni Jónssyni var útmælt árið 1903,

3, Norðurmýrarbletti Nr.     sem Ólafi Stefánssyni búfræðingi var útmælt árið 1904.-

Bæjarstjórnin vildi ekki á síðasta fundi láta gefa út erfðafestubrjef fyrir þessum löndum fyr en búið væri að rannsaka, hvort hann hefði haldið skilyrði þau, er sett voru i skilmálum þeim, er giltu fyrir erfðafestulönd yfir höfuð á þeim tíma, sem lönd þessi voru látin úti.-

Er því hjer með lagt fyrir yður, herra bæjarverkfræðingur að yfirlíta lönd þessi og gefa skýrslu um hve mikið af hverju þeirra um sig sje ræktað til túns eða sáningar, sem og um hvernig girðingar kringum þau eru, sjerstaklega hvort þær sjeu gripheldar og þeim viðhaldið skilmálum samkvæmt.-

Skýrslu þessa þarf jeg að hafa fengið svo snemma, að málið geti orðið lagt fyrir fasteignanefndina nokkru fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. marz 1910.

657.

Jeg hef í dag meðtekið heiðrað brjef yðar, herra sýslumaður, ásamt kr. 20.00 - tuttugu krónum, sem er endurgjald á 2/3 hlutum af fátækrastyrk þeim, er Einari Sigurðssyni, Grettisg. 48a, var veittur hjer þ. 29. des. síðastl. -

Fyrir þessum 20 krónum kvittast hjermeð. -

Til

sýslumannsins í Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. marz 1910.

658

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 20 - tuttugu krónur, er Austur-Landeyjahreppur sendi sem endurgjald á 2/3 hlutum af sveitarstyrk, er Einari Sigurðs-syni, Grettisg. 48B var veittur af fátækrasjóði Reykjavíkur þ. 29. des. síðastl. -

Kvittun óskast. -

Til

bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. marz 1910

659

Samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins í hæztvirtu brjefi dags. 15.þ.m. sendi jeg hjer með framfærsluskirteini Árna Einarssonar frá Ánanaustum, þess er ræðir um í brjefinu.

Beiðni Árna um skirteini þetta endursendist og hjer með.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. marz 1910

660

Eptir að jeg nú hef meðtekið frá yður, herra sýslumaður viðurkenningu hreppsnefndarinnar í Reyðarfjarðarhreppi fyrir því, að Sigbjörn Sigurðsson, Laufásveg 27 sje sveitlægur þar í hreppi, sendi jeg yður hjer með reikning yfir styrk þann, er hann til þessa dags hefur þegið hjer, að upphæð 164 kr., og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta þeirrar upphæðar hjá Reyðarfjarðarhreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Til Sýslumannsins í Suður- Múlasýslu.-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. marz 1910

661

Eptir að jeg með heiðruðu brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 3.þ.m. hef meðtekið viðurkenningu hreppsnefndarinnar í Mjóafjarðarhreppi fyrir því, að Gísli Gíslason sá er brjef yðar ræðir um, sje sveitlægur þar, sendi jeg hjer með reikning yfir það, er hann hefur þegið úr sveitarsjóði hjer til þessa dags, að upphæð kr. 38,47, og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta þeirrar upphæðar hjá framfærsluhreppnum.

Til Sýslumannsins í Suður- Múlasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. marz 1910.



662

Með heiðruðu brjefi dags. 23. þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer viðurkenningu frá hreppsnefnd hins forna Kleifarhrepps fyrir því að stúlkan Valgerður Sigurlína Bjarnadóttir sje þar sveitlæg. Sendi jeg yður hjer með reikning yfir legukostnað hennar að upphæð 115 kr.50 a. og krefst þess að fá upphæðina alla endurgoldna af framfærslusveitinni. Jeg get þess að jeg krefst endurgjalds á allri upphæðinni, þar sem stúlka þessi kom næstliðið haust hingað til bæjarins, til þess að leita sjer lækninga, og eptir því sem mjer skildist af henni eptir fyrirlagi eða ráðstöfun hreppsnefndarinnar eystra. En þegar svo stendur á tel jeg fátækrasjóðinn hjer eiga rjett til endurgjalds ekki að eins á 2/3 hlutum legukostnaðarins heldur á allr upphæðinni.-

Jafnframt skal jeg geta þess, að ~~stúlkan~~ Sigurlína þessi hefur nýlega eptir að hún kom af sjúkrahúsinu orðið vitskert og er þess krafizt að framfærslusveitin ráðstafi henni þegar í stað. Jeg hef ekki getað komið henni að Kleppi, þar sem spitalinn þar er alsettur og meira en svo.-

Til Sýslumannsins í Skaptafellssýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíku.

31.marz 1910

663

Jeg sendi yður hjer með,herra bæjarfógeti, brjef sýslumannsins í Suður-Múlasýslu dags.3.þ.m. með 5 fylgiskjölum þar á meðal brjefi frá hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps,dags.3.jan. þ.á.,þar sem hún biður um að fá viðauka upplýsingar við æfiferilsskýrslu Óla Kristjáns Þorvarðarsonar,steinsmiðs á Skólavörðustig 17 A.Bið jeg yður ef hægt er,að útvega mjer upplýsingar þessar og senda mjer þær við fyrsta tækifæri ásamt öllum fylgiskjölunum með brjefi þessu.

Nefndur Óli Kristján Þorvarðarson hefur aðeins þegið 20 króna sveitarstyrk hjer í okt.f.á.,og hygg jeg hann nú vera megnugan að endurgjalda hann.Sendi jeg yður því reikning yfir hann og bið yður að innheimta upphæðina með lögtaki ef á þarf að halda.-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

31.marz 1910

664

Jeg sendi yður,herra bæjarfógeti,hjer með brjef sýslumannsins i Barðarstrandarsýslu,dags,15.þ.m. með 6 fylgiskjölum,þar á meðal brjef hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps dags. 23. febr. þ.á.,þar sem þess er farið á leit,að tekin verði æfiferilskýrsla Guðrúnar Kristjánsdóttur,bústýru Guðmundar Kr. Andrjessonar á Njálsgötu 23,til þess að afgjört verði hvar hún er sveitlæg.Bið jeg yður að taka æfiferilskýrslu þessa við fyrsta tækifæri og senda mjer hana og þá um leið óska jeg að fá endursend fylgiskjölin með brjefi þessu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

31.marz 1910 665

Þann 25.nóv. f.á. greiddi jeg úr fátækrasjóði tið bráðabyrgða 40 krónur, sem var barnsmeðlag Jóns Ólafssonar frá Kúludalsá með Mörtu dóttur ykkar, áfallið 24.s.m., samkv. úrskurði sýslumannsins í Mýra-og Borgarfjarðarsýslu, dags.26. júlí f.á. Jeg krafðist svo, að sýslumaðurinn innheimti meðlag þetta hjá barnsföðurnum eða framfærslusveit hans, en sýslumaðurinn hefur nú með brjefi dags.9.f.m. tilkynnt mjer að nefndur Jón Ólafsson hafi andast 7.okt.f.á., væntanlega án þess að láta nokkuð eptir sig, og að framfærsluhreppurinn hans ekki verði skyldaður til að endurgreiða upphæð þessa. Telst því samkv. fátækralögunum, að umræddar 40 krónur sje styrkur lagður yður sjálfri til bráðabyrgða, og er því hjer með skorað á yður að endurgreiða þessar 40 kr. hið allra fyrsta.-

Til

konunnar Guðrúnar Helgu Guðmundsdóttur, Bergstaðastræti 6 a.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

31.marz 1910 666

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri,brjef bæjarfógetans á Ísafirði,dags.4.jan.þ.á. viðvikjandi sveitarstyrk,sem þurfamanni Reykjavikurbæjar Jóhannesi Jenssyni skósm.á Ísafirði hefur verið veittur,og er jafnframt lagt fyrir yður,að senda bæjarfógetanum með fyrstu ferð 150 krónur til lúkningar styrk þeim er Jóhannes hefur verið veittur,og færa Jáhannesi það til skuldar.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

733

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1.april 1910 667

Með heiðruðu brjefi dags.5.ágúst f.á.,hafið þjer farið þess á leit,að bæjarstjórnin endurgjaldi yður andvirði lóðar,er þjer a sinum tima hafið keypt af Jónasi Þorsteinssyni steinsmið, við Kárastig.Þetta erindi yðar hefur verið lagt fyrir bæjarstjórnina,og sambykkti bæjarstjórnin,að gefa yður kost á því að velja um hvort þjer viljið heldur fá aukna lóðina um 64 alnir þannig að hún verði 480 ferálnir eða að hún greiði yður andvirði þessara 64.ferálna,er vöntuðu upp á að þjer fengjuð fullar 480 áln. með 1 kr.60 a. fyrir hverja feralin.En hinsvegar gengur bæjarstjórnin ekki inn á að kaupin gangi til baka þannig að þjer faið endurborgað allt kaupverð lóðarinnar.

Þetta tilkynnist yður hjer með,og sendist yður jafnframt eptirrit af tillögu byggingarnefndarinnar,er sambykktar voru á bæjarstjórnarfundi 17.febr.þ.á..-

Herra

Prjesmiður Ólafur Jónsson,Berlin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
1. apríl 1910.-

668

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 57.33 – fimmtíu og sjö krónur þrjátíu og þrjá aura, er hreppsnefnd Garðahrepps hefur greitt mjer sem 2/3 hluta af styrk, er Júlíönu Sigurðardóttur hefur verið veittur til 1. dec. síðastl., að undanteknum styrk er henni var veittur 5. febr. '09, og sem þegar hafa verið greiddir af 2/3 hlutar.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1. april 1910 669

Reykjavikurbær var fyrir nokkru með úrskurði skyldaður til að greiða Suðurfjarðarhreppi i Barðastrandarsýslu, 178 kr. 2 a. fátækrastyrk veittan Karolinu Sveinbjarnardóttur. Styrkur þessi hefur að likindum ekki verið endurgoldinn ennþá, og sendi jeg yður því, herra gjaldkeri, brjef dags, 24. f. m. frá sýslumanninum i Barðastrandarsýslu, þar sem hann biður að af upphæðinni sjeu kr. 91.25 greiddar til geðveikrahælisins á Kleppi, en afgangurinn greiddur honum. Hafi upphæðin ekki verið greidd er lagt fyrir yður, að greiða hana hið fyrsta eins og segir i brjefi sýslumannsins.-

Til

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
1. apríl 1910.-

670

Þjer hafið, herra bæjargjaldkeri, gjört athugasemd um að ekkert hafi verið greitt af styrk þeim, er Guðmundi Helga Jakobssyni var veittur þ. 30. sept. síðastl.-

Út af þessu skal yður tjáð, að með brjefi dags. 17. jan. þ.á. sendi jeg yður 2/3 hluta af nefndum styrk eða kr. 13.33. og með brjefi dags. 18. jan. síðastl. hafið þjer kvittað fyrir nefndri upphæð.

Til

bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
1. apríl 1910.

671

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 5 - fimm krónur, sem er endurgjald frá Guðbjörgu Brandsdóttur uppi legukostnað hennar, er ávísað var úr fátækrasjóði þ. 21. ágúst síðastl. -
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.april 1910

672

Með heiðruðu brjefi dags.9.þ.m.,hafið þjer ,herra sýslumaður,sent mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar í Øxafjarðarhreppi fyrir því,að Kristin Guðvaldína Guðmundsdóttir,Stýrimannastig 6 eigi framfærslusveit í Skinnastaðahreppi hinum forna. Jeg sendi yður hjer með reikning yfir styrk þann,er lagður hefur verið úr fátækrasjóði stúlku þessari og börnum hennar til framfæris og er hann nú orðinn 160 kr.,og eru þar í taldar þær 50 krónur,er getur um í brjefi mínu 23.nóv.f.á.. Er þess hjer með krafizt að 2/3 hlutar upphæðar þessarar verði endurgoldnir af framfærslusveitinni.-

Eins og getur um í brjefi mínu 23.nóv.f.á.,býr Kristin Guðvaldína þessi með Kristni Gíslasyni trjesmið,sem er faðir barna hennar.Hann hefur lagt í búið það sem atvinna hans hefur leyft og verður ekki innheimt sjerstaklega meðlag með börnunum af hans hálfu fyrir liðinn vetur.En jeg hef látið taka æfiferilsskýrslu hans og sendi eptirrit af henni hjer með.Samkvæmt henni er hann sveitlægur í Hrunamannahreppi í Árnessýslu og vænti jeg að þjer snúið yður til sýslumannsins þar í þeirri sýslu ef þjer viljið fá gefna út meðlagsúrskurði á hendur honum.-

Jeg get þess,að jeg hefi í hyggju,að láta flytja Kristinu Guðvaldínu þurfamannaflutningi 'a sveit sína á næsta vori eða sumri nema styrkur sá,er hún hefur þegið verði endurgoldinn að mestu eða öllu af Kristni Gíslasyni.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjaikur

2.april 1910

673

Með heiðruðu brjefi dags.9.f.m. hafið þjer,herra sýslumaður,sent mjer viðurkenningu hreppsefndarinnar i Øxafharðarhreppi fyrir því,að Benjamin Guðmundsson á Skólavörðustig 33 sje sveitlægur i hinum forna Skinnastaðahreppi.Með skir-skotun til annars brjefs mins dags.i dag,sendi jeg yður hjer með reikning yfir fátækrastyrk þann,sem nefndur Benjamin hefur þegið hjer i bænum til þessa dags,að upphæð 70 kr..Krefst jeg þess að hinn forni Skinnastaðahreppur endurgreiði hið fyrsta 2/3 hluta upphæðar þessarar.-

Til

sýslumannsins i Þingeyjarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.april 1910

674

741

Með heiðruðu brjefi dags.9.þ.m.,hafið þjer herra sýslumaður,sent mjer ávisun herra Jóns Jónssonar á Ærlækjarseli á Jóns Jónsson alþingismann að upphæð 46 kr.67 a.,og átti upphæð þessi að ganga til lúkningar 33 kr.34 a.,er Øxafjarðarhreppi bar að greiða upp i fátækrastyrk veittan Kristinu Guðvaldinu Guðmundsdóttur og 13 kr.33 a. uppi styrksendurgreiðslu frá sama hreppi á fátækrastyrk veittan Benjamin Guðmundssyni,Skólavörðustig 33.En þar sem á ávisun þessari var sá galli,að fram sal yðar var ekki ritað á hana,endursendi jeg yður hana hjer með til þess að það verði leiðrjett.-

Til

sýslumannsins i Þingeyjarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

2.apríl 1910 675

Kristinn Gíslason trjesmiður, Stýrimannastíg 6 hjer í bænum, sem býr með stúlku að nafni Kristín Guðvaldína Guðmundsdóttir og á með henni 4 börn, öll kornung, hefur orðið styrksþurfi á þessum vetri þ.e., að fátækrasjóður hefur orðið að leggja heimilinu allmikla fúlgu til framfæris, er þó fyrst um sinn hefur verið talinn styrkur veittur Kristínu Guðvaldínu Guðmundsdóttur. Jeg sendi hjer með æfiferilsskýrslu Kristinns þessa og sýnir hún, að hann er sveitlægur í Hrunamannahreppi. Bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega yfirlýsingu hreppsnefndarinnar þar um það hvort hann sje sveitlægur þar. Hann hefur farið þess á leit, að styrkur sá, er hjer eptir verður veittur heimilinu verði talinn sjer, en ekki bústýru sinni.-

Til

sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. april 1910.

676

Fátækranefndin hefur á fundi 31. f.m. samþykkt að greiða 10 kr. á mánuði með Ólafi Þorkeli syni Páls Ólafssonar múrara til Þorkels Sigmundssonar, Nýlendug. 22, frá 1. þ.m. að telja.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2. april 1910

677

Fátækranefndin hjer hefur eins og meðfylgj-andi reikningur sýnir veitt ekkjunni Sigriði Helgadóttur siðan i byrjun nóvembermán. siðastl. og til bessa dags samtals 225 kr. Upphæð pessa vænti jeg að hreppsnefndin greiði samningi samkvæmt hið allra fyrsta.-

Til

hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

2. apríl 1910 678

Hreppsnefnd Ølfushrepps skuldar fátækrasjóði Reykjavíkur 2/3 hluta af meðlagi því, sem greiða hefur orðið með sjúklingnum Eyvísi Eyjólfsdóttur frá 1. ágúst f.á. til 31.f.m. Øll styrksupphæðin er 243 krónur og ber Ølfushreppi að endurgreiða 2/3 hluta þar af eða 162 kr. Upphæð þessa bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta hið allra fyrsta hjá hreppsnefndinni og senda mjer.-

Til

sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
4. april 1910 649

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, póstávísun að upphæð 45 - fjörutíu og fimm krónur til endurgjalds á styrk, er Rasmus Jörgen Knudsen, Skólavörðustíg 17, sem sveitlægur er í Løns-Ørslev Sogn. -

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. apríl 1910

680

Í framhaldi af brjefi mínu, dags. 28. febr. þ. á., sendi jeg hreppsnefndinni hjervnet reikning að upphæð 135 krónur, sem er kostnaður við legu Guðrúnar Árnadóttur frá Ólafsslóðum frá 1. jan. til 1. þ. m., og vænti jeg að hreppsnefndin greiði mjer við allra fyrsta tækifæri áðurgreindar 135 kr. + 138 kr., er brjef mitt 28. febr. ræðir um. –

Til
hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. apríl 1910. 681

Hjer með sendi jeg yður, herra sýslumaður, reikning að upphæð 30 kr., sem er styrkur er Ástríðu Hróbjartsdóttir, Vatnsstíg 12 hjer í bænum hefur orðið að þiggja af fátækrasjóði frá því 22. des. f. á., og leyfi jeg mjer að fara fram á að yður vildi þóknast að innheimta 2/3 hluta upphæðarinnar hjá Fljótshlíðarhreppi og senda mjer við fyrstu hentugleika.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7490

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. april 1910.

682

Jafnframt því að senda reikning að upphæð 82 krónur, yfir sveitarstyrk, er Jóni Magnússyni á Laugav. 28 hjer í bænum hefur verið veittur af fátækrasjóði, leyfi jeg mjer að fara fram á að yður, herra sýslumaður, mætti þóknast að innheimta 2/3 hluta upphæðarinnar hjá Bæjarhreppi í sýslu yðar, og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Til
sýslumannsins í Strandasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. apríl 1910

684.

Jafnframt því að senda hjálagðan reikning að upphæð 138 kr. 50 a., sem er styrkur, er Sigurður Sigurðsson, Hverfisgötu 56 hjer í bænum hefur orðið að þiggja af fátækrasjóði, leyfi jeg mjer að vænta, að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast að innheimta 2/3 hluta nefndrar upphæðar hjá Áshreppi í sýslu yðar og senda mjer það við fyrsta tækifæri.

Til
sýslumannsins í Húnavatnssýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. apríl 1910.

635

Jafnframt því að senda yður, herra sýslumaður, hjálagðan reikning að upphæð kr. 195.84, sem er fátækra-styrkur sá, er Bjarni Hannesson, á Njálsgötu 25 hefur orðið að þiggja af fátækrasjóði hjer, frá 17. des. f. á. leyfi jeg mjer að vænta, að þjer vilduð innheimta 2/3 hluta nefndrar upphæðar hjá Ölfushreppi og senda mjer við allra fyrsta tækifæri.

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. april 1910. 683.

Jeg sendi hreppsnefndinni hjer með reikning að upphæð 20 krónur, sem er skyldur er Þjóðbjörg Benjamínsdóttir á Litla-Klöpp hefur orðið að þiggja af fátækrasjóði hjer, og leyfi jeg mjer að vænta að hreppsnefndin við allra fyrsta tækifæri greiði 2/3 hluta upphæðarinnar til mín

Til
hreppsnefndar Kjósarhrepps.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. april 1910.

684

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir á fundi sínum í gær leyft yður, herra barnakennari, að byggja búðarhús 7 x 5 álnir við bakhlið á húsi yðar við Laufásveg, samkv. beiðni yðar, dags. 30. f. m.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
barnakennari Sigurður Jónsson.
Laufásveg 35

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur
8. apríl 1910.

685

Á fundi byggingarnefndarinnar í gær var yður, herra kaupmaður, leyft að setja 2 glugga í staðinn fyrir einn á hús yðar, Bankastr. 12, sem og að hafa fótstykkið undir gluggunum heilt í staðinn fyrir í bútum að miðjum gluggum. –

Þetta tilkynnist hjer með

Herra
kaupm. Magnús Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8.april 1910

686

Á fundi bæjarstjórnarinnar i gær var lögð fram beiðni yðar,dags.2.þ.m.,um að breidd lóðar þeirrar,er þjer kaupið við Laugaveg verði ákveðin 25 álnir i staðinn fyrir 35 álnir en að lóðin verði lengd um 4 álnir.Bæjarstjórnin samþykkti að lóðin verði lengd um 5 álnir og mjókkuð um 5 álnir.Yrði þá stærð lóðarinnar 55.30 álnir.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

steinsmiður Helgi Jónsson,Hverfisgötu 4 c.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.april 1910 687

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður, herra kaupmaður, að byggja smiðahús 21 .14 álnir á lóð yðar við Vatnsstíg nr.3. Er ætlast til að í því verði settar smiðavjelar og gasmotor, en til þess þarf samþykki brunamálanefndar.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

kaummaður Jónatan Þorsteinsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.april 1910 683

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur á fundi sinum í gær leyft yður, herra alþingismaður, að gjöra þær breytingar á húsi yðar, austurenda hússins nr.3 í Austurstræti, er þjer hafið farið fram á í brjefi dags. 2.þ.m..-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

alþingismaður Hannes Þorsteinsson, Austurstræti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.april 1910 689

Á fundi bæjarstjórnarinnar i gær,var lögð fram beiðni yðar,dags.26.marz,þar sem þjer ásamt þeim Brynjólfi Björnssyni og Lárusi G.Lúðvigssyni sækið um leyfi til að reisa hænsnahús á Holtastaðalóð efst við Bergastaðastig 22.5 álnir.,og veitti bæjarstjórnin ykkur leyfi til að byggja húsið.-

Jafnframt samþykkti bæjarstjórnin,að leigja ykkur til afnota við hænsnaræktunina lóðarræmu,er liggur milli nefndrar lóðar ykkar og túns Björna Simonarsonar.En lóðarræman er leigð með því skilyrði að hún aptur verði afhent bæjarstjórninni fyrirvaralaust hvenær sem þess verður krafizt án nokkurs kostn-aðar fyrir bæinn og verður þannig að taka burtu mannvirki þau,er gjörð kunna að verða á lóðinni bænum að kostnaðarlausu.Leigan er 10 kr. á ári og er það skilyrðið jafnframt,að skriflegur leigusamningur verði gjörður og hann þinglesinn á kostnað leigjenda.Áður en leigusamningurinn verður gjörður,þarf að mæla stærð lóðarinnar og á uppdráttur af henni að fylgja lóðarsamningnum, og ber yður að annast að það verði gjört.-

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

9. april 1910

690

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur samkvæmt tillögu brunamálanefndar og slökkviliðsstjóra skipað yður, herra trjesmiður, undirsveitarhöfðingja i slökkviliði bæjarins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. april 1910

691

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur samkvæmt tillögu brunamálanefndar og slökkviliðsstjórans skipað yður yfirmann við sjálfstæðisstigann í slökkviliðinu.-

Herra Kristófer Sigurðsson, Vesturgötu 52.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
9. apríl 1910

692

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi veitt fyrverandi sótara Benedikt Jónssyni eitt hundrað króna styrk þetta ár auk eptirlauna hans. Styrk þennan, er hjermeð lagt fyrir yður að útborga þannig að hann fái nú þegar 40 krónur en þar af eiga að endurgjaldast þær 15 kr. er Benedikt fjekk lánaðar úr fátækrasjóði 1. þ. m.; 30 krónur útborgist 1. júlí næstk., og síðustu 30 krónurnar 1. okt. þ. á.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. april 1910

694

Sjera Jóhannes J.Lynge á Sauðafelli hefur greitt til mín 40 kr.,sem er fúlga sú,er honum 1. okt. síðastliðinn bar að greiða fráskilinni konu sinni samkvæmt skilnaðarskilmálum þeirra.Þar sem nefnd kona er á framfæri hjá yður,herra snikkari,sendi jeg yður hjer með upphæð þessa og óska að fá kvittun yðar fyrir henni.-

Herra snikkari Guðmundur Jakobsson , Laugaveg 79.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
9. april 1910

695

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi tilnefnt yður, herra skólakennari, til að vera prófdamari við únglingaskóla Ásgríms Magnússonar á þessu vori. Jeg bið yður að gjöra bæjarstjórninni þann greiða að taka þennan starfa að yður, og get þess, að prófið fer fram dagana 11.- 20. þ. m., eptir nánara samkomulagi milli skólastjórans og ykkar prófdómaranna, en hinn prófdómarinn er skólakennari Jóhannes Sigfússon.-

Herra skólakennari Þorleifur H. Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. april 1910.

696

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi tilnefnt yður, herra skóla kennari, til að vera prófdómara við unglingaskóla Ásgríms Magnús sonar á þessu vori. Jeg bið yður að gjöra bæjarstjórninni þann greiða að taka þennan starfa að yður, og get þess, að prófið fer fram dagana 11.–20. þ.m. eptir nánara samkomulagi milli skólastjórans og yðar prófdómaranna, en hinn prófdómarinn er skóla kennari Þorleifur H. Bjarnason

Herra
skólakennari Jóhannes Sigfússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
9. april 1910

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi tilnefnt kennarana Þorleif H. Bjarnason og Jóhannes Sigfússon til að vera prófdómendur við vorprófið í unglingaskóla yðar, og ber yður að koma yður saman við þá um það, er að því lýtur. Það er að sjálfsögðu gengið út frá, að þjer greiðið þeim borgun fyrir starfa þeirra.-

Herra skólastjóri Ásgrimur Magnússon, Bergstaðastræti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11. apríl 1910

698

Samkvæmt úrskurði bæjarfógeta 8.nóv. f.á. bar Guðmundi Jónssyni, Vitastíg 8, að greiða meðlag með barni hans og Guðrúnar Árnadóttur, Grjótagötu 14, 30 kr. 10. þ.m. og ennfremur barnsfararkostnað 10 kr.- Báðar þessar upphæðir hefur fátækranefndin hjer orðið að leggja út fyrir barnsföðurinn, þar sem barnsmóðirin á hjer heima, gegn endurgjaldi frá framfærslusveit Guðmundar, sem er Vatnsleysustrandarhreppur. Jeg bið yður því, herra sýslumaður, að innheimta greindar 40 kr. hjá Vatnsleysustrandarhreppi og senda þær hingað við fyrsta tækifæri.-

Úrskurðurinn fylgir hjer með og lífsvottorð barnsins, og ennfremur skýrsla bæjarfógetans eða fulltrúa hans um að lögtak, sem átti að gjöra fyrir barnsfararkostnaðinum hafi reynzt árangurslaust.-

Úrskurðurinn óskast endursendur með svari yðar.-

Til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. april 1910

699

Á síðasta bæjarstjórnarfundi voruð þjer ásamt bæjarfulltrúunum Knud Zimsen og Klemens Jónssyni kosin i nefnd til að gjöra tillögur um breytingar á lögreglusamþykkt bæjarins ( sjerstaklega um hundahald),og þar sem þjer fenguð flest atkvæðin til nefndar þessarar vænti jeg að þjer kallið hana saman á fyrsta fundinn og gangist fyrir því,að hún taki til starfa.-

Jeg get þess,að þar sem bæjarfógetinn á að sja um framkvæmd lögreglusamþykktarinnar,vænti jeg að nefndin starfi i samráði við bæjarfógetann,eða að hann fái að vita um tillögur nefndarinnar áður en þær verða lagðar fyrir bæjarstjórnina.-

Til bæjarfulltrúa Katrinar Magnússon ,Ingólfsstræti 9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11. april 1910

700

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarfulltrúi, að á síðasta fundi kaus bæjarstjórnin yður ásamt bæjarfulltrúunum Katrínu Magnússon og Knud Zimsen í nefnd til þess að gjöra tillögur til breytinga á lögreglusamþykkt bæjarins, sjerstaklega ákvæðunum um hundahald.

Herra bæjarfulltrúi Klemens Jónsson, Tjarnargötu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. april 1910

701

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarfulltrúi, að á siðasta fundi kaus bæjarstjórnin yður ásamt bæjarfulltrúunum Katrinu Magnússon og Klemens Jónssyni i nefnd til þess að gjöra tillögur um breytingar á lögreglusamþykkt bæjarins, sjerstaklega ákvæðunum um hundahald.-

Herra bæjarfulltrúi Knud Zimsen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. april 1910

702

Guðmundur Ámundason sjúklingur á Landakotsspitala, sem er á sveit, hefur afhent mjer sem formanni fátækranefndarinnar reikning á hendur yður, herra skipstjóri, er yður hefur verið sýndur, og sýnir reikningurinn að hann á til góða hjá yður kr. 23,70, fyrir afgreiðslu blaðsins "Ægir", og hef jeg verið beðinn um að veita upphæðinni móttöku. Er því hjer með skorað á yður að greiða upphæð þessa hið allra fyrsta til mín.-

Herra kaupmaður Mattias Þórðarson. Fisherssundi 1.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9.april 1910

Hjer með tilkynnist yður,að bæjarstjórnin hefur samkvæmt tillögu brunamálanefndar og slökkviliðsstjórans skipað yður flokkstjóri við sprautu nr.1 í slökkviliði bæjarins.-

Herra
verzlunarmaður Sigurður Þorsteinsson,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. april 1910

703

Jeg sendi yður, herra gjaldkeri, hjer með jarðabókasjóðsávisun fyrir 334 kr. með áritaðri kvittun minni og á upphæðin að ganga til lúkningar þeim hluta, er landssjóði ber að greiða af legukostnaði stúlkunnar Unu Ásu Arngrimsdóttur. Kvittun fyrir greiðslu þessari ber yður að senda mjer þegar þjer hafið fengið ávisunina greidda.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11. apríl 1910.

704

Með brjefi dags. 2.þ.m. hafið þjer, herra hjeraðslæknir sótt um leyfi til að mega leggja bráðabyrgðarkerrubraut yfir götursæsið sunnanvert við Hverfisgötu, til þess að geta ekið byggingarefni upp á húsgrunn á austurhorninu milli fyrirhugaðrar framlengingar Ingólfsstrætis og Hverfisgötu. Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi sínum veitt yður leyfi til þessa.-

Jafnframt hafið þjer í sama brjefi farið þess á leit, að fá keypt grjót úr grjótruðningnum við Hverfisgötu sunnanverða. Bæjarstjórnin hefur samþykkt að selja yður það er þjer þurfið af grjóti þessu fyrir 8 kr. hvern ferfaðm.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra hjeraðslæknir Guðmundur Hannesson, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. april 1910.

705

Sigurður Ásbjörnsson trjesmiður hefur fyrir nokkru byrjað að grafa fyrir húsgrunni á horninu á Hverfisgötu og Klapparstig sem byrjun á húsbyggingu þar. Hann hefur lagt mikið af sandi og möl á Klapparstig, svo að umferð hefur verið tálmuð, ennfremur lagt sandinn og mölina og mölin yfir ræsið meðfram veginum, grafið án samþykkis veganefndar skurð út í Hverfisgötu, sem staðið hefur opinn langan tíma. Með þessu hefur hann brotið lögreglusamþykktina, og er þetta brot hjer með eptir fundarályktun veganefndar kært og þess krafizt að hann verði sektaður fyrir það og honum lagt fyrir að taka tafarlaust burt tálmanir þessar.-

Jeg nota jafnframt tækifærið til þess að biðja yður, herra bæjarfógeti, að leggja fyrir lögregluþjónana, að þeir gæti þess vandlega að fylgt sje reglugjörðum og lögum bæjarins, og að þeir kæri brot á þeim, svo að ábyrgð verði komið fram gegn þeim, er gjöra sig brotlega.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11. april 1910.

706

Með því að prestaskólakennari Eiríkur Briem hefur vegna veikinda skorast undan því að verða prófdómandi við við prófin á þessu vori í stýrimannafræði leyfi jeg mjer fyrir hönd bæjarstjórnarinnar að mæla með því, að Guðmundur B. Kristjánsson á Bræðraborgarstíg 3 verði skipaður til þessa.

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með hæðvirtum bréfum, dags. 23. f.m. og 5. þ.m. hefur stjórnarráðið sent bæjarstjórn og byggingarnefnd til umsagnar kæru frá Helga Hannessyni, úrsmið með fylgiskjölum yfir því, að Magnúsi Þorsteinssyni hafi verið leyft að breyta sínum hluta af húsinu nr. 12 við Bankastræti, án þess eldvarnarveggur væri settur.—

Jeg hef útvegað umsögn bæjarverkfræðingsins um kæru þessa og fylgir hún hjer með, sem og eptirrit úr fundargjörð byggingarnefndarinnar 2. þ.m., en svar það, er byggingarnefndin þar gefur, hefur verið samþykkt af bæjarstjórninni á fundi 7. þ.m.— Til þessa vísast í einu sem öllu, og skal það enn tekið fram, að húsið Nr. 12 í Bankastræti er einhúseign og hafði því byggingarnefndin hvorki skyldu nje rjett til að krefjast að eldvarnarveggur væri settur, enda var ekki mögulegt að gjöra þetta með þeirri skipting á húsinu, sem sameigendur höfðu gjört sín á milli. Kæran er því ekki á neinum rökum byggð.—

Kæran ásamt fylgiskjölum endursendist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12. jan. 1910

Hjer er á framfæri fátækrasjóðs Reykjavikur hálf geðveik stúlka að nafni Margrjet Klemensdóttir, sem er sveitlæg í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu. Fátækranefndin vill senda hana á framfærslusveit sína með strandbátnum Vestra, er fer hjeðan 15. þ.m. beina leið til Húnavatnssýslu, og stúlkan vill sjálf komast norður til ættingja sinna. Bið jeg yður, herra bæjarfógeti, að gefa út flutnimgsbrjef fyrir hana, svo tímanlega, að hún geti orðið send með nefndri ferð strandferðabátsins.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. april 1910

Heilbrigðisfulltrúinn kærði það fyrir nokkru fyrir mjer eða veganefndinni, að salerni vantaði við safnhúsbygginguna. Erindi þetta hefur verið lagt fyrir veganefndina, en hún áleit að málefni heyrði undir heilbrigðisnefndina. Jeg sendi yður, því hjer með, herra bæjarfógeti, umkvörtun þessa, til þess að þjer þjer takið hana til meðferðar í heilbrigðisnefndinni, eins og yður þykir við eiga.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

710

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13. april 1910.

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi kosið bæjarfulltrúa Þórð Thoroddsen í heilbrigðisnefnd í staðinn fyrir frú Brietu Bjarnhjeðinsdóttur, er áður var í nefndinni.-

Til
Bæjar
fógeta Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

711

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13. april 1910

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að greiða hæztarjettar-málaflutningsmanni Ulf Hansen í Kaupmannahöfn meðfylgjandi reikning hans 1048 kr.-Upphæðin greiðist til málaflutningsmanns Odds Gíslasonar með ávísun á banka í Kaupmannahöfn. Er lagt fyrir yður að greiða honum upphæðina sem hjer segir og færa hana til bænum til útgjalda undir óvissum útgjöldum.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 782 712

13. april 1910

Hjer með tilkynnist yður, herra slökkviliðsstjóri, að bæjarstjórnin hefur útnefnt eptirgreinda menn sem yfirmenn í slökkviliðinu :

Trjesmiðina Jóhannes Lárusson og Erasmus Elíasson undirsveitahöfðingja í húsrifsliðinu.

Hjalta Sigurðsson sem flokksstjóra við sprautu Nr. 2.

Ara B. Antonsson sem flokksstjóra við sprautu Nr. 3

Jóhannes Magnússon sem flokksstjóra við sprautu Nr. 3.

Árna Jónsson verzlunarmann sem flokksstjóra í björgunarliðinu.

Sigurð Þorsteinsson sem flokksstjóra við sprautu Nr. 1.

Ingvar Pálsson sem flokksstjóra við sprautu Nr. 4.

Kristófer Egilsson sem yfirmann við sjálfstæðisstigann.

Jeg hef tilkynnt öllum þessum mönnum útnefningar þeirra.-

Þar á móti vildi bæjarstjórnin ekki að svo komnu útnefna hina aðra starfsmenn, er brunamálanefndin hafði lagt til skipaðir yrðu, heldur óskaði hún að fá nýjar tillögur yðar og brunamálanefndarinnar um þá.-

Til Slökkviliðsstjórans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

713

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

13. apríl 1910

Með heiðruðu brjefi dags. 5. febr. hafið þjer kært yfir því að 13 tilgreindar námstúlkur, er nám stunda á þessum vetri í Kvennaskóla Reykjavíkur, hafi verið settar á skrá yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðsins, og hafið þjer krafizt að þær verði strykaðar út úr skránni, þar sem þær eigi ekki heimili hjer í bænum.-

Þessi kæra yðar var tekin fyrir á síðasta bæjarstjórnarfundi og úrskurðuð þannig, að námsmeyjar þessar skyldu standa fyrst um sinn á skránni. En hinsvegar eruð þjer beðin að leiða athygli greindra námstúlkna að því, að ef þær áður en gjaldið er innheimt færa sönnur á það fyrir bæjarfógeta, að þær hafi verið settar á styrktarsjóðsskrána þar sem þær telja heimili sitt og greiði gjaldið þar, þá þurfa þær ekki að greiða gjaldið hjer í bænum, eins og líka þær líka eiga rjett á að fá gjaldið endurgoldið ef þær hafa greitt það hjer og einnig í sveit þeirri, sem þær telja sig eiga heimili í.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Skólastýra Frk. Ingibjörg H. Bjarnason, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 784
14. apríl 1910.

714.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti skrá yfir þá menn í Reykjavíkurkaupstað, er greiða eiga gjald til Ellistyrktarsjóðsins þ.á. –

Til
bæjarfógetans í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Brandchefen København.–

Deres ærede Skrivelse af 9. f. M. har jeg modtaget og forelagt den Byraadet, som er gaaet ind paa deres Forslag om at faa en af deres Fagmænd herop paa Besøg for i Samraad med os at lægge Grunden til et Forslag om den endelige Ordning af Byens Brandvæsen. Jeg anmoder dem derfor om godhedsfuldt at udvirke Magistratens Tilladelse til at en af deres Folk maa komme herop i denne Hensigt.–

Byraadet har ogsaa vedtaget at betale for Rejsen det af dem nævnte Beløb, 500 Kr. tilligemed fri Rejse ud og hjem. Det bemærkes at Rejsen vanskelig vil kunne udføres i kortere Tid en 5–6 Uger, regnet fra Afrejsen fra København til Ankomsten dertil igjen. Jeg vilde anse det for heldigt om vedkommende kunde afrejse fra København med s/s. Botnia den 22. Mai, saaledes at han var her den 29. s. M. og kunde afrejse herfra med s/s. Ceres den 2. Juli. Hvis ikke frembyder der sig igjen en gunstig Lejlighed med s/s. Ceres, der afgaar fra København d. 19. Juni og i saafald vilde vel

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afrejsen herfra finder Sted med S/S. Botnia d. 20. Juli.

I Tilfældi af at vedkommende før sin Afrejse vil danne sig et foreløbigt Skøn over Byens lokale og meteorolog-iske Forhold, vil han i Generalstab-ens Kortafdeling kunne faa et Kort af Byen og hos det meteorologiske Institut i København faa Oplysn-inger om de meteorologiske Forhold heroppe.

Med Højagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. apríl 1910.

416

Jeg hefi í dag borgað legukostnað fyrir son yðar, Sigurð, að upphæð kr. 51.00, frá 2/3 – 11/4.
Jafnframt því að tilkynna yður þetta, er hjer með skorað á yður að greiða nefnda upphæð til mín við fyrsta tækifæri.

Herra
Jóhannes Kr. Sigurðsson, Njálsg. 32.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. apríl 1910.

717

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarverkfræðingur, 2 kærur yfir lóðargjaldaskránni og bið jeg yður að mæla upp lóðir þær, er þar um ræðir. – Lóð Haralds Möllers, Tjarnargötu 3a þarf einnig að mælast upp og sömuleiðis lóð Eiríks Hjaltesteds við Vonarstræti. –

Til
bæjarverkfræðings Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. april 1910

718

Samkvæmt meðfylgjandi brjefi oddvitans i Ytra- Torfustaðahreppi i Húnavatnssýslu, og skjölum þeim, er því fylgja hefur sá hreppur orðið að leggja út til stúlkunnar Sigríðar Bjarnadóttur tveggja ára fúlgur, er Guðmundi Pjeturssyni nuddlækni hjer í bænum bar að greiða með Birni Kristjáni óskilgetnum syni hans og nefndar Sigríðar Bjarnadóttur fyrir árin frá 20. marz 1908 til jafnlengdar 1910., samtals 100 kr.- Þessar fúlgur ber fátækrasjóði bæjarins að endurgjalda Ytra- Torfustaðahreppi, og er því hjer með lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að senda oddvitanum upphæðina hið fyrsta.- Greiðslan færist til útgjalda undir útgjaldalið 18 b. áætlunarinnar og telzt Guðmundi Pjeturssyni til skuldar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. april 1910

719

Fátækrasjóður Reykjavikur hefur orðið að greiða fyrir Guðmund Pjetursson nuddlækni tvær barnsfúlgur fyrir árin frá 20. marz 1908 til 20 marz 1910, samtals 100 kr., en fúlgur þessar bar honum samkvæmt amtsúrskurði að greiða með óskilgetnum syni hans og Sigríðar Bjarnadóttur í Ytra-Torfustaðahreppi. Þessar 100 kr. bið jeg yður, herra bæjarfógeti, að innheimta með lögtaki ef á þarf að halda hið allra fyrsta hjá Guðmundi Pjeturssyni.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. april 1910.

720

Jeg hef i dag orðið að greiða til bráðabyrgða úr fátækrasjóði fúlgu að upphæð 25 kr.,er Magnúsi Dalhoffssyni gullsmið bar að greiða 30. des. siðastliðinn með barni hans og Guðrúnar Steinsdóttur fyrir misserið frá 1. júli til 31. des. f.á.-Magnús þessi sem er sveitlægur i Neshreppi Utan Ennis kvað nú hafa góða atvinnu hjer,og eru það tilmæli min,að þjer herra bæjarfógeti innheimtið hjá honum hið allra fyrsta meðlag þetta með lögtaki. Meðlagið greiðist samkvæmt amtsúrskurði 30.mai 1902.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. april 1910

721

Með brjefi dags. 24. des. f.á. hafið þjer, herra sýslumaður, beðið mig að annast um að endurgreidd verði fúlga, er Kristjáni Buch Jenssyni bar að greiða bar að greiða 30. okt. f.á. með barni hans og Guðbjargar Ólafsdóttur á Ísafirði, en fúlgu þessa hefur fátækrasjóður Ísafjarðar lagt út til bráðabyrgða..Nefndur Kristján Buch situr í fangahúsinu og tekur þar út hegningu samkvæmt dómi. Hann er öreigi og því hefur ekki verið hægt að fá fúlguna endurgreidda frá honum. Jeg hef látið taka æfiferilskýrslu Kristjáns, og sendi hana hjer með. Sýnir hún, að Kristján Buch er sveitlægur í fæðingarhreppi sínum í Þingeyjarsýslu, og er þar af leiðandi sveitarsjóði Reykjavíkur óviðkomandi endurgreiðslan á barnsfúlgunni.-

Með lagsúrskurðurinn endursendist og hjer með.-

Til Bæjarfógetans á Ísafirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. april 1910

722

Bæjarfógetinn í Reykjavik hefur sent mjer erindi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 27. des. f.á.,en í brjefi þessu farið þjer þess á leit,að innheimt verði meðalg fyrir árið 1910,er Ísafjarðarkaupstaður hafi greitt fyrir Sólborgu nokkra Jónsdóttur,sem er kona hjer í bænum og gipt manni að nafni Einar Jónatansson.Þessi Einar Jónatansson er öreigi,hefur orðið á þessum vetri að þiggja sveitarstyrk,og hefur því ekki verið hægt að ná meðlaginu hjá honum.Æfiferilskýrsla hans hefur verið tekin og send hreppsnefndinni í Bæjarhreppi í Strandasýslu,því þar er hann sveitlægur.Fátækrasjóður Reykjavikur er því ekki skyldur til að endurgreiða fúlgu þessa,heldur ber yður væntanlega að snúa yður til framfærslusveitar Einars með innheimtuna. Í því skyni endursendi jeg yður nefnt brjef bæjarfógeta Reykjavikur með skjölum þeim,er því fylgðu til mín.-

Til Bæjarfógetans á Ísafirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

The Mayor's Office,
Reykjavik, Iceland,
15th April, 1910.

Messrs. J. A. Lumley & Dowell,
Lumley House,
34. St. James's Street,
London.

Dear Sir,

As I have informed you by telegraph the Town Council has accepted your offer of renting the Ellidaa River for the next season for £350, but I am to point out to you that this rent was accepted for the ne. season only and without any option for the subsequent seasons. The Town Council reluctantly accepted this offer as the rent is so much lower than what they had expected to obtain, and they would not have closed with this offer if the season had not been so advanced and so near the fishing season.

I expect that you will forward me, at your earliest opportunity, a copy of the contract which you will make on our behalf regarding the renting of the river and the rent which, it is to be expected, will have been paid at the same time as the contract was made.

Yours faithfully,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. apríl 1910

724.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, ávísun að upphæð kr. 28.89 - tuttugu og átta krónur áttatíu og níu aura til endurgjalds frá Ytri Akraneshreppi á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Málfríði Magnúsdóttur var ávísaður úr fátækrasjóði þ. 5. febr. síðastl., og bið yður að senda sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kvittun fyrir upphæðinni. -

Til

bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. apri 1910.



725

Með því að jeg þrátt fyrir itrekaðar málaleitanir ennþá ekki hef meðtekið frá ykkur bæjarsjóðsreikning Reykjavikur fyrir árið 1908, með athugasemdum ykkar, sem ykkur var sendur til endurskoðunar fyrir nærri ári, er hjer með skorað á ykkur að hafa sent mjer reikninginn með athugasemdunum áður en vika er liðin hjer frá. Að öðrum kosti sje jeg mig tilneyddan, að gjöra ráðstafanir til að ábyrgð verði komið fram á hendur ykkur fyrir það, að þið ekki hafið leyst þetta af hendi á þeim tíma, er lögin fyrirskipa, enda hefur það þegar valdið miklum baga og óþægindum, að þið ennþá ekki hafið lokið við endurskoðunina.-

Til endurskoðenda bæjarsjóðsreikninga Reykjavikur

Herra skrifstofustjóra Jóns Hermannssonar og

málaflutningsmanns Odds Gislasonar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. april 1910

726

Unglingsstúlka Kristjana Jónsdóttir, Grettisgötu 8 hjer í bænum, hefur orðið hálfsturluð og hefur því fátækranefndin orðið að koma henni fyrir og ábyrgjast meðlag með henni. Systir hennar, yfirsetukona Kristín Jónsdóttir, sem hingað til mun hafa annast hana mjög vel, og sjeð fyrir uppeldi hennar, hefur gefið skýrslu um æfiferil hennar, er jeg sendi hjer með. Samkvæmt skýrslu þessari er Kristjana sveitlæg í Haukadalshreppi og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfestinni.-

Jeg get þess, að læknirinn hefur gefið von um, að stúlkunni muni batna veikindin, og systir hennar annast hana að miklu leyti hjer og vill, að hún megi vera hjer syðra, ef veikindin ekki magnast því meira, og tel jeg víst að fátækrastjórn framfærsluhreppsins vilji láta hana dvelja hjer hjer syðra undir þeim kringumstæðum.-

Til Sýslumannsins í Dalasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

798

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. apríl 1910.

727.

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, 225 – tvöhundruð tuttugu og fimm krónur, sem er endurgjald frá Ytri-Skaraneshreppi á styrk, er Sigríði Helgadóttur hefur verið veittur þ. 8. nóv., 2. des. f. á. og svo frá 7. jan. til 19. marz þ. á.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. apríl 1910.-

728

Hreppsnefnd Ytri-Akranes-hrepps hefur í dag greitt fátækra sjóði Reykjavíkur 225 - tvöhundruð tuttugu og fimm krónur, upp í styrk. er ekkjunni Sigríði Helgadóttur hefur verið veittur frá 3. nóvember síðastl. til 2. þ. m.

Fyrir nefndum 225 kr. kvittast hjermeð.

Til
hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.april 1910 728

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 10-tíu krónur 67 aura til endurgreiðslu á 2/3 hlutum af kostnaði við fátækraflutning Kristjáns Damasusar Guðmundssonar, sem ávisað var úr fátækrasjóði þ.17.nóv.og 2.des.síðastl..-

Fyrir þessum kr.10.67 óskast kvittun við tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. april 1910

801

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.april 1910 729

Með brjefi dags.7.þ.m. hafið þjer,herra sýslumaður sent mjer 10-tiu krónur 67 aura til endurgreiðslu á kostnaði við flutning Kristjáns Damasusar Guðmundssonar, sem útborgað var úr fátækrasjóði Reykjavikur þ.17.nóv.og 2.des.siðastl.-

Fyrir nefndum kr.10.67 kvittast hjer með.-

Til

sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. apríl 1910

730 802

Með hæstvirtu bjefi dags. 15. þ. m. hefur stjórnarráðið sent mjer til umsagnar brjef frá Júlíönu Sigurðsdóttur, dags. 13. þ. m. þar sem hún ber sig upp undan því, að jeg ekki hafi viljað greiða 25 kr., er hún skuldi fyrir húsaleigu.

Jeg hef nýlega gengið inn á það við oddvita Garðahrepps að leggja út til bráðabyrgða það er Júlíana og börn hennar nauðsynlega þyrftu sjer til lífsframfæris og hef gjört það. En hjer er ekki um slíkan styrk að ræða, heldur um endurgjald á skuld frá liðnum tíma, sem stofnuð hefur verið án nokkurrar íhlutunar fátækranefndarinnar eða ábyrgðar frá hennar hálfu, og hefur því fátækranefndin hjer hvorki rjett nje skyldu til að greiða skuld þessa, enda hefur hvorki sýslumaðurinn í Hafnarfirði nje oddviti Garðahrepps mælt til þess að skuld þessi yrði greidd.

Annars hjelt jeg að skuld sú, er hjer ræðir um, ekki samningum samkvæmt hvíldi á Júlíönu, heldur á manni þeim er hún hefur búið með.

Þetta læt jeg mjer nægja að taka fram enda geng jeg út frá, að stjórnarráðið vísi málefni þessu frá sem sjer óviðkomandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19.april 1910 731

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 10-tíu krónur og 50 aura til endurgjalds á eptirstöðvum af legukostnaði Guðrúnar Gísladóttur frá Hafnarfirði, sem ávísað var úr fátækrasjóði þ. 23.febr.síðastl.-

Fyrir nefndri upphæð væntist kvittun við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.april 1910 732

Með heiðruðu brjefi dags.16.þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr.10.50 til endurgjalds eptirstöðvum af legukostnaði Guðrúnar Gisladóttur.-

Fyrir þessum kr.10.50 kvittast hjer með.-

Til

sýslumannsins i Gullbringu-og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Róykjavíkur

19.apríl 1910 733

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr.33.33-þrjátíu og þrjár krónur 33 aura, sem er endurgjald frá Kjósarhreppi á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Benedikt Sæmundssyni var ávísaður úr fátækrasjóði þ.12.febr. síðastl..-

Kvittun óskast við fyrsta tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.april 1910

734.-

Með heiðruðu brjefi dags. 13.þ.m. hafið þjer,herra syslumaður,fyrir hönd Kjósarhrepps sent mjer kr.33.33 sem er endurgjald á 2/3 hlutum á styrk þeim,er Benedikt Sæmundssyni,Lindargötu 1 b.,var veittur af fátækrasjóði þ.12.febr.síðastl..-

Fyrir þessum kr.33.33 kvittast hjer með.-

Til

sýslumannsins í Gullbringu-og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur